



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

24. ágúst 2009 – 199. tölublað – 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MÁNUDAGUR

Framsögn æfð með gervigreind



Hópurinn B. Unique hlaut frumkvöðla-verðlaun Guðfinnu S. Bjarnadóttur fyrir bestu viðskipta-áætlunina.

TÍMAMÓT 16

Til í Strumpana aftur

Laddi ánægður með endurkomu Strumpanna.

FÓLK 20

Jackson til sölu

Bandarískar búðir mega græða á andlátí Jacksons

FÓLK 20



Eyjamenn á siglingu



ÍBV kom sér í fina stöðu í fallbaráttu Pepsi-deildar karla í gær eftir 1-0 sigur gegn Þrótti.

ÍÞRÓTTIR 27

VEÐRIÐ Í DAG



HVASST Með morgninum verður víða allhvöss eða hvöss norðaustan átt en snýst í allhvassa suðaustan átt við suðausturströndina síðdegis. Rigning víða um land en úrkomliði suðvestan til. Milt í veðri.

VEÐUR 4

Bankar mótmæla réttarbót

Fjármálafyrirtæki vilja halda rétti sínum til að ganga að öllum eigum skuldara vegna vanskila. Þau hafa lagst gegn frumvarpi um breytingar á því. Flutningsmaður segir frumvarpið leysa fólk úr skuldafangelsi.

ALÞINGI Bankarnir hafa eindregið lagst gegn frumvarpi um bættu stöðu skuldara, að sögn Lilju Mósesdóttir, formanns félagsmálanefndar. Hún er fyrsti flutningsmaður frumvarps sem hún segir hafa þann tilgang að leysa fólk úr skuldafangelsi.

Með frumvarpinu, sem er flutt af nokkrum þingmönnum Vinstri grænna, Framsóknarflokks og Borgarahreyfingar, er lögð til sú grundvallarbreyting að lánveitandi, sem lánar fé gegn veði í fasteign, megi ekki ganga að öðrum eigum lántakans en viðkomandi fasteign. Samkvæmt frumvarpinu átti krafa lánardrottins á skuldunaut að falla niður, fengist and-

virði veðsins ekki við nauðungarsölu íbúðarinnar.

„Þetta þýðir að fólk hefði kost á því að skila lykluum að húsnæðinu, frekar en að búa þar í skuldafangelsi. Eignin gengur þá upp í skuldina,“ segir Lilja. Hún segir að hugmyndin sem í frumvarpinu felst hafi mætt eindreginni andstöðu frá bönkunum.

„Það hafa komið fram mikil mótmæli frá fulltrúum kröfuhafa og þeir hafa getað komið í veg fyrir flestallar lagabreytingar sem bæta stöðu skuldara með því að vísa í eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar,“ segir Lilja.

Í umsögn Samtaka fjármálafyrirtækja um frumvarpið segir

að samtökin óttist að breytingarnar verði ekki til hagsbóta fyrir þorra skuldara og frumvarpið gæti helst gagnast þeim efnameiri, sem eiga stórar og yfirveðsettar eignir og þeim sem eiga fleiri en eina fasteign. Þeir geti þá flutt úr einni yfirveðsettri fasteign og í aðra minna veðsetta, sem ekki yrði tekin af þeim. Eins að veðsetningarhlutfall fasteigna gæti lækkað sem myndi gera fjármögnun íbúðakaupa erfiðari.

Samtökin telja það jafnframt „óviðunandi íhlutun í samningsfrelsið að löggjafinn grípi fram fyrir hendur samningsaðila með afturvirkri löggjöf og ónýti þannig gerninga sem þeir hafa

sammælst um.“ Tekið er fram að samtökin telji „afturvirk lög veikja traust á réttarskipaninni meðan festa í löggjöf tryggir öryggi í viðskiptum“. Samtökin telja að verði frumvarpið að lögum megi leiða að því líkur að einhverjir kröfuhafar láti reyna á lögmæti lagasetningarinnar fyrir dómi „og krefjast bóta vegna krafna sem til var stofnað fyrir gildistöku laganna og þeim er gert að gefa eftir samkvæmt lagabóði“.

Lilja segir að andstaða gegn frumvarpinu breyti því ekki að betrumbætt útgáfa þess verði endurflutt á næsta þingi.

- kóp / shá



BRUGÐIÐ Á LEIK Sigurður Ragnar Eyjólfsson, landsliðsþjálfari íslenska liðsins, sýndi nýja og heldur óvenjulega takta á æfingu liðsins í Tampere í Finnlandi í gær þegar hann skelli sér í hlutverk apa. Æfingin var sú síðasta fyrir sjálft Evrópumótið sem hefst í dag en þá mæta stelpurnar okkar þeim frönsku. Leikurinn hefst klukkan fimm.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSSI AHOLA

Lækni íslenska liðsins gengur vel að verja liðið fyrir svínafleusunni:

Óttuðust að missa af keppninni

FÓTBOLTI Það hefur kannski reynt meira á lækni íslenska kvennalandsliðsins nú en oft áður því hann hefur haft umsjón með að verja íslenska liðið fyrir svínafleusunni.

Reynir Björn Björnsson, lækni liðsins, hefur þó ekki miklar áhyggjur lengur enda hafa varúðarráðstafanir hans gengið vel. Allar stelpurnar eru heilsu-hraustar fyrir fyrsta leik liðsins á Evrópumótinu.

„Það er búin að vera hræðsla innan liðsins um að missa af keppninni,“ segir Reynir. „Við fórum strax í ákveðnar aðgerðir og fræðslu. Þær voru mjög meðvitaðar um hættuna og ég hef ekki haft miklar áhyggjur. Það voru tvær sem veiktust og fengu væg einkenni. Við tókum strax sýni en þar kom ekki neitt fram.“

„Ég held að það skilji allir að stelpurnar séu áhyggjufullar um að smitast. Þetta er kannski

keppni lífsins þannig lagað og þær eru búnar að hlakka mikið til, fórn miklu og leggja mikið á sig. Svo fá þær einhverja smá pest og þá er þetta búið,“ segir læknirinn sem hefur meiri áhyggjur af heim-sóknum utan frá. „Helsta hættan er kannski eftir leikina í tengslum við fólk frá Íslandi sem er að koma í heimsókn,“ segir Reynir, en það er búist við góðum stuðningshóp á bak við íslenska liðið á mótinu.

- óój / sjá Íþróttir síðu 26

Innanhússarkitektar:

Engin verkefni á borðum innanhússarkitekta

ATVINNA „Ég var að skila núna í morgun síðasta verkefninu og það er bara tómt borð hjá mér, í fyrsta skipti í þessi 22 ár sem ég hef starfað sem innanhússarkitekt,“ segir Pétur Hafsteinn Birgisson.



PÉTUR HAFSTEINN BIRGISSON

„Við erum ekki að tala um færri verkefni, þau eru einfaldlega engin, og þá á ég við ný, verkefni sem koma inn eftir hrún. Þau verkefni sem ég hef verið að klára eru öll verkefni sem lágu fyrir áður en bankarnir féllu.“

Pétur segist hafa upplifað erfiða tíma og séð kreppur áður en hann muni ekki tíma sem þessa.

- jma / sjá allt

TENGI

Tilboð vikunnar

Upphengt salerni, seta, innbyggður kassi og þrýstispiald

Tilboð kr. 54.900,-

Smíðjuvegi 76 | Baldursnesi 6
Kópavogi | Akureyri
Sími 414 1000 | Sími 414 1050

muundu eftir mjólkinni!

muu

6tommu bátur
349 krónur

Kafbátur mánaðarins • ágúst

Túnfiskbátur

SUBWAY

Stærsti
skemmtistaður
í heimi!

NOVA

Kveiktu á verðinu!

2.000 kr. notkun á mánuði í 12 mánuði
fylgir öllum símatilboðum Nova í áskrift og frelsi.



0 kr.
Nova
í Nova

-einnig fyrir
myndsímtöl!

0 kr. útborgun

Nokia 3120

Afborgun 2.000 kr. á mánuði.
2.000 kr. notkun á mánuði
í 12 mánuði fylgir.

Staðgreitt:

19.900 kr.

GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	127,27	127,87
Sterlingspund	211,04	212,06
Evra	182,16	183,18
Dönsk króna	24,469	24,613
Norsk króna	21,263	21,389
Sænsk króna	17,893	17,997
Japanskt jen	1,3552	1,3632

SDR	199,04	200,22
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
	223,0978	
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

Skemmdarvargar herja enn á heimili og eigur manna úr viðskiptalífínu: Hummer Björgólfs málaður rauður

LÖGREGLMÁL Hummer-jeppi Björgólfs Thors Björgólfssonar var úðaður með rauðri málningu fyrir utan Háskólann í Reykjavík í nótt. Sömu skemmdarvargar úðuðu einnig rauðri málningu á hús Sigurðar Einarssonar, fyrrverandi stjórnarformanns Kaupþings. Fjölmiðlum bárust tilkynningar um bæði skemmdarverkin í gærmorgun frá sama netfangi. Skemmdarverk hafa verið unnin á heimilum fjölmargra manna úr viðskiptalífínu undanfarna mánuði. Meðal annarra sem hafa orðið fyrir málningarárásam af þessu tagi eru Bjarni Ármannsson, fyrrverandi bankastjóri Glitnis, Birna

Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka, Hreiðar Már Sigurðsson, fyrrverandi forstjóri Kaupþings, Hannes Smárason, fyrrverandi forstjóri FL Group, Björgólfur Guðmundsson, fyrrverandi eigandi Landsbankans og Steingrímur Wernersson, annar eigandi Milestone. Þá var kveikt í Range Rover jeppa Stefáns Hilmarssonar, fyrrverandi fjármálastjóra Baugs. Öll málin eru óupplýst og ekki er vitað hvort sömu menn eru að verki í öllum tilvikum. Þá hafa skemmdarverk einnig verið unnin á heimilum fólks sem tengist orkuveiranum, til dæmis Friðriks Sophussonar, forstjóra



ALRAUÐUR JEPPI Bill Björgólfs stóð fyrir utan Háskólann í Reykjavík þegar hann var málaður.

Landsvirkjunar, Rannveigar Rist, forstjóra Alcan, og Hjörleifs Kvaran, forstjóra Orkuveitunnar. - sh

Fiskimenn komu úr gíslingu: Lúðrasveit og fagnandi skari

EGYPTALAND Áhöfnum tveggja egypskra fiskibáta, sem sluppu úr klóm sómalkra sjóræningja eftir mánaða gíslingu, var fagnað eins og hetjum við heimkomuna í gær. Herlúðrasveit og fagnandi mannskari, sem söng þeim til heiðurs, tók á móti ryðguðu skipunum tveimur þegar þau lögðu við bryggjuna við Attaka. Menirnir, sem voru 34 talsins þegar þeir voru teknir í gíslingu í apríl, frelsuðu sig með því að yfirbuga fangaverði, taka vopn þeirra og drepa. Hafði þeim verið haldið föngnum í frystigeymslum skipa þar sem farið var illa með þá. - vsp

Heppinn svefngengill: Lifði af fall af fjórðu hæð

RÚMENÍA Rúmenskur maður slapp með minni háttar meiðsl eftir að hafa fallið 16 metra af fjórðu hæð meðan hann gekk í svefni. Læknar segja kraftaverk að hann hafi aðeins brotið rifbein og brákað annan fótinn. Halda þeir að slökun líkamans við svefngönguna sé ástæðan fyrir því að hann sé á lífi. Sá heppni, Mariuc Purcariu, fannst rúllaður í gardínu ofan á bílnum sínum undir svefnerbergisglugganum. Sagðist hann ekki muna hvernig hann komst þangað. Hann hafi verið að horfa á sjónvarpið, sofnað og síðan munað að konan hans hafi öskrað nafnið hans þegar hann stóð í gluggakistunni. - vsp

Strákur talinn stríðsflugmaður: Telja son sinn endurfæddan stríðsflugmann

BANDARÍKIN Foreldrar James Leiningar, 11 ára bandaríksk stráks, telja hann vera fyrrum stríðsflugmanninn James Huston úr seinni heimsstyrjöldinni. Þetta kom fram í breska blaðinu Daily Telegraph í síðustu viku. Bók um strákinn, Soul Survivor, er ein mest selda bók Bandaríkjanna. James hefur fengið martraðir frá tveggja ára aldri um að hann sé skotinn niður í flugvél. Talar hann meðal annars upp úr svefni og fer með flugkóða og nefnir menn úr seinni heimsstyrjöld. James Huston, maðurinn sem þau telja hann vera, lést við Iwo Jima, 3. mars árið 1945. Foreldrar drengsins höfðu uppi á skyldmennum Hustons sem fannst mikið til koma hversu sterkar minningar litli drengurinn hafði úr stríðinu. - vsp

Leituðu til ráðherra til að sækja bráðkvaddan mann

Björgunarsveitarmenn fullyrða að Landhelgisgæslan hafi ekki ætlað að senda þyrlu til að sækja látinn mann á Herðubreið. Forstjóri LHG hafnar þeim fullyrðingum. Dómsmálaráðherra var blandað í málið.

ÖRYGGISMÁL Björgunarsveitarmenn á Húsavík fullyrða að Landhelgisgæslan hafi hafnað beiðni þeirra um að þyrla sækta lík manns sem lést í fjallgöngu á fjallið Herðubreið. Svæðisstjóri björgunarsveitarinnar leitaði til dómsmálaráðherra og var þyrla frá Norðurflugi leigð til að ná í lík mannsins. Forstjóri Landhelgisgæslunnar segir að aldrei hafi annað staðið til en að sækja líkið en ódýrari kostur hafi verið valinn en að senda stóra björgunarþyrlu.

Maðurinn sem lést var í hópi göngufólks á fjallinu. Neyðarkall barst björgunarsveitum um hádegisbilið á föstudag og lagði björgunarsveitin Strákur í Mývatnssveit þegar af stað. Jafnframt var óskað eftir þyrlu, sem var sett í viðbragðsstöðu. Stuttu síðar kom í ljós að maðurinn var látinn, samkvæmt úrskurði læknis sem í gönguhópnum var.

Guðmundur Salómonsson, svæðisstjóri björgunarsveitarinnar á Húsavík, segir að Landhelgisgæslan (LHG) hafi þverneitað að senda þyrlu þegar ljóst var að maðurinn var látinn - sú skýring hafi verið gefin að of kostnaðarsamt væri að senda þyrlu. Hafði hann samband við Rögnu Árnadóttur dómsmálaráðherra sem hafði samband við LHG. Að sögn Guðmundar varð samtali hans til þess að LHG leigði þyrlu frá Norðurflugi sem sótti líkið á fjallið. „Það átti ekki að senda þyrlu

eftir að í ljós kom að maðurinn var látinn og með það vorum við mjög óhress. Ég talaði við ráðherra, sem bar árangur.“

Georg Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslunnar, hafnar fullyrðingum um að ekki hafi átt að senda þyrlu. „Við hins vegar gerðum það á haganlegri máta en að senda stóra þyrlu. Þetta var unnið í fullu samráði við slysavarnarfélagið Landsbjörg.“

Georg bendir á að með því að senda



FLUGTAK Flugtími stórrar björgunarþyrlu kostar 700 þúsund krónur. Leiguþyrla sem sótti látinn mann á Herðubreið kostar mun minna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



GEORG LÁRUSSON

Pað átti ekki að senda þyrlu eftir að í ljós kom að maðurinn var látinn og með það vorum við mjög óhress. Ég talaði við ráðherra, sem bar árangur.

GUÐMUNDUR SALÓMONSSON SVÆÐISSTJÓRI BJÖRGUNARSVEITARINNAR Á HÚSAVÍK

minni þyrlu hafi sparast milljónir króna. Hver flugtími stóru Super Pumu-þyrlu Landhelgisgæslunnar kostar 700 þúsund

krónur en þyrlunnar sem sótti líkið 180 þúsund krónur. Flugíð fram og til baka frá Reykjavík hefði tekið um sex klukkustundir, að sögn Georgs.

Guðmundur vill koma því skýrt á framfæri að ósk um aðstoð þyrlu hafi komið til vegna þeirrar hættu sem björgunarsveitarmönnum stafar af því að færa líkið til byggða ofan af fjallinu. Til verksins hefði þurft allt að 50 manns í leiðangur af þessu tagi, sem tæki upp undir sólarhring.

svavar@frettabladid.is

MÁLVERKAUPPBOÐ
Erum að taka á móti verkum fyrir næsta uppboð.

Lægri sölulaun - Örugg þjónusta

Galleri BORG
Skipti 35
105 Reykjavík. sími 511 7010
Gsm: 847-1600
petur@galleriborg.is

Fyrir fjársterka aðila leitum við að módelmyndum eftir Gunnlaug Blöndal, verkum eftir Louísu Matthíasdóttur og góðum Kjarvalsmýndum.

Vinsamlegast hafið samband sem fyrst í síma 511 7010 eða 847 1600

VEÐURSPÁ

HEIMURINN

Alicante	31°
Amsterdam	27°
Basel	34°
Berlin	25°
Billund	24°
Eindhoven	27°
Frankfurt	29°
Friedrichshafen	31°
Gautaborg	22°
Kaupmannahöfn	24°
Las Palmas	28°
London	25°
New York	29°
Orlando	32°
Ósló	20°
Paris	25°
Róm	34°
Stokkhólmur	21°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

Á MORGUN 8-13 m/sunnan og vestan til annars hægari.

MÍÐVIKUDAGUR 5-10 m/s.

ÚTSALA



**25-70%
AFSLÁTTUR!**

KING KOIL

Amerískt heilsurúm
(Queen size 153x203)

FRÁ kr. 99.850

HEILSUKODDAR

**30%
AFSLÁTTUR!**

SVEFNSÓFAR

**25-30%
AFSLÁTTUR!**

MARGAR
TEGUNDIR!
KOMIÐ OG SKOÐIÐ
ÚRVALIÐ

SÆNGURFATNAÐUR
30% AFSLÁTTUR!

rekkjan

KJÖRKASSINN



Hefur þú hugsað um að flytja af landi brott vegna efnahagsástandsins?

JÁ	57,1%
NEI	42,9%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ert þú í þeirri stöðu að þurfa afskriftir skulda?

Segðu skoðun þína á visir.is



Helsti mótframbjóðandi forseta Afganistans sakar hann um kosningasvindl: Kosningasvindl kæmi ekki á óvart

AFGANISTAN Abdullah Abdullah, helsti mótframbjóðandi Hamids Karzai í forsetakosningunum í Afganistan í síðustu viku segist hafa sannanir fyrir því að kosningasvik hafi verið viðhöfð. Ásakanirnar hafa verið send landskjörstjórn Afganistans til frekari rannsókna.

Segir Abdullah að í nokkrum smærri bæjum Afganistans hafi verið fleiri atkvæði en íbúafjöldi og lítil kosningabátt-taka hafi verið á stórum svæðum sem talin eru stöðvað. Einnig hafi ofbeldi og hótanir átt sér stað í garð stuðningsmanna Abdullah. Enginn vafi leikur því



KOSNINGARNAR Nokkrir þeirra sem stjórnðu kosningaeftirlitinu í kosningunum á fimmtudaginn var hafa kvartað til landskjörstjórnar vegna gruns um kosningasvik.

á að svik hafi átt sér stað, að mati Abdullahs.

Segir formaður landskjör-

stjórnarinnar að mikið af kvörtunum hafi komið í kjölfar kosninganna. Nokkrir þeirra sem stjórnðu kosningaeftirlitinu í kosningunum síðastliðinn fimmtudag kvörtuðu til kjörstjórnarinnar vegna gruns um kosningasvik.

Richard Holbrooke, sérstakur sendimaður Bandaríkjanna í Afganistan, segir að það kæmi honum ekki á óvart ef kosningasvik hafi verið viðhöfð.

Fylkingar Karzais og Abdullahs hafa báðar sagt sinn frambjóðanda hafa unnið. Bráðabirgðatölur koma væntanlega á næstu dögum en ekki er búist við lokaúrslitum fyrr en eftir nokkrar vikur.

- vsp

Taívanar minnst látinna:

Þriggja daga þjóðarsorg

TAÍVAN Þriggja daga formleg þjóðarsorg hófst í Taívan á laugar-daginn til minningar um þá sem féllu í fellibylnum Morakot, en þetta eru verstu hamfarir í Taívan í hálfa öld.

Yfirvöld hafa staðfest að 160 hafi látist og um 490 sé saknað. DNA-próf verða tekin af þeim líkum sem ekki hefur enn tekist að bera kennsl á.

Hamfarirnar hófust fyrir tveimur vikum og voru yfirvöld sökuð um hægagang í viðbrögðum við fellibylnum. Nýjustu kannanir sýna að forseti landsins, Ma Ying-Jeou nýtur minna en 20 prósent fylgis meðal þjóðarinnar.

- vsp



BALDUR Mun þjóna Vestmannaeyjum í hálfán mánuð.

Samgöngur til Eyja:

Baldur mun leysa Herjólf af

SAMGÖNGUMÁL Endanlega hefur verið frá því gengið að Breiða-fjarðarferjan Baldur leysi Herjólf af á meðan hann fer í slipp þann 7. september.

Pétur Ágústsson, framkvæmdastjóri Sæferða, segir að úttekt hafi farið fram sem staðfesti að Baldur geti siglt á milli lands og Vestmannaeyja, en leiðin er talin mjög erfið.

Ellíði Vignisson, bæjarstjóri í Eyjum, lýsti efasemdum í byrjun sumars um að Baldur gæti siglt þessa leið, auk þess sem að Eyjamenn myndu ekki sætta sig við að minna skip en Herjólfur myndi leysa skipið af hólmi þann hálfá mánuð sem það verður í slipp. - shá

LÖGREGLUFRÉTTIR

Átta líkamsrásir

Átta líkamsrásir voru tilkynntar til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu frá klukkan átta á kvöldi Menningar-nætur til klukkan hálfniú í gærkvöldi.

Hezbollah-menn fyrir rétt:

Lifa og deyja sem Egyptar

EGYPTALAND Leiddir voru fyrir rétt í Egyptalandi í gær 26 menn frá líbanska íslamsöfghópnum Hezbollah. Er þeim gefið að sök að hafa njósnað um skip við Súez-skurðinn og skipulagt árástir við vinsælan ferðamannastað Ísraelsmanna á Sínaí-svæðinu. Voru þeir handteknir í apríl en talið er að fjórir séu á flóttu.

Þegar ákærur voru lesnar upp í réttarhöldunum í gær hrópuðu þeir ítrekað í kór „Við lifum og deyjum sem Egyptar. Við munum aldrei svíkja land okkar.“ en aðeins 19 þeirra eru Egyptar. Einn mannanna sagði í réttarhöldunum í gær að hann hefði þurft að þola pyntingar í egypskum fangelsum.

- vsp

LÖGREGLUFRÉTTIR

Erill á Menningarnótt

Mikil ölvun var í miðborginni á Menningarnótt. Töluvert af illa druknu fólki sem var öldautt var hjálpað heim, að sögn lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Sautján þjófnaðarmál

Sautján þjófnaðarmál voru tilkynnt á einum sólarhring til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu frá laugardagskvöldi til sunnudagskvölds. Af þeim voru níu innbrot í bíla, húsnæði og fyrirtæki.



HORFT TIL HIMINS Flaugin náði 2.700 metra hæð á undir hálfri mínútu en samkvæmt útreikningum átti hún að ná þriggja kílómetra hæð á sama tíma.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Stefnan sett á að kljúfa hljóðmúrinn

Stærstu eldflaug sem Íslendingar hafa smíðað var skotið á loft í gær á vegum áhugamannafélagsins AIR. Náði hún þúsund kílómetra hraða. Stefna AIR er sett á að kljúfa hljóðmúrinn. Eldsneytið sem þeir nota er algjörlega vistvænt.

NÝSKÖPUN Hátt í hundrað manns fylgdust með þegar öflugustu eldflaug sem smíðuð hefur verið af Íslendingum var skotið á loft frá Höskuldarvöllum, nálægt fjallinu Keili, um klukkan hálfþrjú í gær. Eldflaugin, sem vó átta kíló, náði þúsund kílómetra hraða og 2.700 metra hæð á 25 sekúndum. Fallhlíf var í flauginni svo hún gæti svifið til jarðar.

Útreikningar gerðu ráð fyrir að flaugin næði 3.000 metrum en vegna vinda flaug vélin örliði á ská. Eldsneyti vélarinnar er gert úr saltþetri, sykri, þrúgusykri og ávaxtasykri og er algjörlega vistvænt.

Magnús Már Guðnason, einn

aðstandanda áhugamannafélagsins AIR, sem stóð fyrir uppákomunni, segir stefnuna setta á að kljúfa hljóðmúrinn en þá þarf að fara hraðar en 1.236 kílómetra á klukkustund. Það ætla þeir að gera með eldflaug sem hefur verið í smíðum í tvö ár og á að ná um 1.500 kílómetra hraða. Spáir Magnús að henni verði skotið upp í fyrsta lagi næsta sumar.

Áhugamannafélagið AIR hefur verið starfrækt frá 2006 en þá skutu þeir upp fyrstu eldflauginni sinni. Í maí árið 2008 var eldflaug skotið upp á vegum nemenda í HR og komst sú eldflaug á 750 kílómetra hraða. Magnús var þá aðstoðarkennari á námskeiðinu

ásamt Smára Frey Smárasyni, hinum aðstandanda AIR.

Magnús segist hafa fengið áhuga á eldflaugum fyrir fimm árum eftir að hafa verið að fikta mikið í flugeldum og skoðað fræðin bak við þá. Kyntist hann tveimur strákum úr Hafnarfirði, Smára áður nefndum og Steini Hlíðari Jónssyni og fóru þeir fljótlega að smíða eldflaugar.

„Það sem er skemmtilegast er að þetta samtvinnar efna-, eðlis- og verkfræði. Þetta er svona raunvísinda- og verkfræðipakki,“ segir Magnús. Nánari upplýsingar um félagið má nálgast á vefsíðunni www.eldflaug.com

vidir@frettabladid.is

36 arnarungar komust á legg í sumar og hafa aldrei verið fleiri:

Ernir farnir að verpa á Suðurlandi

NÁTTÚRAN Arnarungar sem komust á legg í sumar voru 36 og hafa þeir ekki verið fleiri í manna minnum. Íslenski hafnarstofninn telur nú um 65 þör og urpu 45 þeirra í vor. Varp misfórst hjá 19, þar á meðal hjá þarinu sem fylgst var með á vefmyndavél Arnarsetursins.

„Þetta er búist að vera mjög gott ár, ekkert flóknara en það,“ segir Jón Gunnar Ottósson, forstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands. Um ástæður þess að stofninn hafi

stækkað segir hann að til dæmis sé minna um skaðsemi af mannavöldum.

„Við vöktum arnarstofninn á hverjum ári og fylgjumst vel með varpi,“ segir Jón Gunnar sem segir að Náttúrufræðistofnun viti vel hvar sé verið að sækja á örninn og hafi gert ráðstafanir vegna þessa á undanföllum árum.

Varpsvæði arna nær nú frá Faxaflóa og vestur og norður um í Húnaflóa. Áður urpu ernir um

land allt og var stofninn þá tvisvar til þrisvar sinnum stærri en í dag. Fækkun hófst í kjölfar ofsókna og eitrunar á 19. öld og urðu þörin fæst um 20 í kringum 1960. Nú hafa arnarþör sést í Árnassýslu en þar er ekki viðvarandi varp, að sögn Jóns Gunnars.

Náttúrufræðistofnun Íslands fylgist með arnarstofninum í samvinnu við Fuglaverndarfélag Íslands og Náttúrustofnunar í Stykkishólmi og Bolungarvík. - vsp

Fiskikóngurinn

Mánudagstilboð

GLÆNÝ ÞORSKFLÖK MEÐ ROÐI

949 KR.KG.

ALLIR FISKRETTIR Í SÓSU

1.190 KR.KG.

T.Ð
ÞORSKUR Í TOSCANASÓSU
ÝSA Í PARMASANSÓSU
ÝSA Í KARRÝSÓSUSÓSU
ÞORSKUR Í KARRÝKÓSSÓSU
ÝSA Í MEXICANASÓSU
OG FLEIRA OG FLEIRA

MÁNUDAGUR ER FISKIDAGURINN. HOLT OG GOTT FYRIR SKÓLAFÓLKID.

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • 108 Reykjavík • sími 587 7755

Ódýrt í skólann



→ BOLIR MARGAR TEG. 1.999.-



→ BOLIR MARGAR TEG. 1.999.-

Mikið úrval af skólavörum á betra verði





1. Hvers konar leður notar hönnuðurinn Raket Hafberg í skart sitt og fylgihluti?
2. Hversu mikið var greitt út í atvinnuleysisbætur á fyrstu sex mánuðum ársins?
3. Hvern íhugar Elín G. Ragnarsdóttir, framkvæmdastjóri Birtings, að kæra til siðanefndar lögmannafélagsins fyrir ærumeiðandi ummæli?

SVÖRIN ERU Á Síðu 30

Bandaríski herinn gefur upp nöfn á föngum í leynifangelsum:

Tugir taldir vera í leynifangelsum

ÍRAK Bandaríski herinn hefur byrjað að gefa Rauða krossinum upp nöfn fanga í leynifangelsum í Írak og Afganistan. Fangarnir eru allir grunaðir um að tengjast hryðjuverkasamtökum en Rauði krossinn hefur þrýst lengi á varnarmálaráðuneyti Bandaríkjanna um að fá þessar upplýsingar.

Þetta kemur allt fram í ónafngreindum heimildum erlendra fjölmiðla í gær. Hafa mannréttindasamtök lýst því yfir að ef rétt reynist sé þetta mikill sigur fyrir mannréttindabaráttu.

Tugir af grunuðum hryðjuverkamönnum í Írak og Afganistan eru í þessum svokölluðu „tímabundnu fangabúðum“ sem eru undir stjórn bandaríska hersins. Eru fangabúðirnar á leynistöðum rétt fyrir utan borgirnar Balad í Írak og Bagram í Afganistan.

Rauði krossinn hefur ekki enn viljað staðfesta að samtökin hafi fengið upplýsingarnar um fangana og segir öll mál af þessu tagi trúnaðarmál.



HAMFARASVÆÐI Rauði krossinn hefur ekki enn viljað staðfesta að hann hafi fengið upplýsingarnar frá varnarmálaráðuneytinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hin nýlega stefnubreyting varnarmálaráðuneytisins í upplýsingagjöf er hluti af stefnu ríkisstjórnar Baracks Obama.

- vsp

Kona flutt á sjúkrahús:

Ölvað miðaldra kona stakk aðra

LÖGREGLUMÁL Kona á miðjum aldri stakk aðra með hnífi í höfuðið í íbúð við Njálsgötu á laugardagsmorgun. Konan sem var stungin var flutt til aðhlyningar á sjúkrahús en reyndist ekki alvarlega slösuð.

Árásarkonan var handtekin og yfirheyrð. Báðar konurnar hafa komið talsvert við sögu lögreglu áður.

Ekki liggur fyrir hvað olli árásinni en líklegt er talið að konurnar hafi báðar verið ölvaðar þegar hún átti sér stað.

Átökin hófust innandyrna en bærust síðan út á götu. Þar mátti sjá blóð á gangstéttinni.

- sh

Alþingi heldur áfram í dag: Fjárlaganefnd fundar um fyrirvara á Icesave

ALÞINGI Fundur fjárlaganefndar Alþingis vegna ríkisábyrgðar á Icesave-samningunum hefst klukkan tíu í dag.

Nefndin hefur málið til umfjöllunar eftir að breytingartillögur við frumvarpið voru samþykktar eftir aðra umræðu í þinginu á föstudag.

Breytingartillögurnar, eða fyrirvararnir sem settir voru inn í samninginn, nutu stuðnings nær allra þingmanna nema framsóknarmanna.

- kh

Jong-Il vottaði fyrrum forseta S-Kóreu virðingu sína:

Sendi samúðarkveðjur

S-KÓREA Tuttugu þúsund manns voru viðstaddir jarðarför Kims Dae-jung, fyrrum forseta Suður-



BORINN TIL GRAFAR Nokkrir háttsettir N-Kóreumenn mættu í jarðarförina til að votta virðingu sína.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kóreu, í gær. Fyrir jarðarförina fór Lee Myung-bak, núverandi forseti S-Kóreu, á fund háttsettra Norður-Kóreu manna mættu í jarðarförina til að votta virðingu sína.

Kim fékk friðarverðlaun Nóbels árið 2000 fyrir að vinna að betri samskiptum milli N- og S-Kóreu en dauði Kims virðist hafa haft jákvæð áhrif á samband nágrannaþjóðanna.

Kim Jong-il, forseti N-Kóreu, sendi samúðarkveðju til nágranna sinna með þeim skilaboðum að hann vonaðist til að samband þjóðanna yrði betra í framtíðinni.

- vsp



REYKSKÝ Eldarnir eru taldir hafa hafist á föstudag nálægt úrgangstað við forna bæinn Marápon. Gríska slökkviliðið hefur fengið hjálp frá Frakklandi, Kýpur og Ítalíu.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

ÞAÐ ER LEIKUR AÐ LÆRA MEÐ NÁMUNNI

Hagstæðir vextir fyrir Námufélaga

Náman leggur námsmönnum lið með því að bjóða hagstæðari kjör, betri yfirsýn yfir fjármálin, 2 fyrir 1 í bió*, 150 fríar færslur á ári, Námu A-kort með Aukakrónusöfnun auk fjölda annarra friðinda.

Kynntu þér Námuna á landsbankinn.is, í síma 410 4000 eða í næsta útibúi.

 Landsbankinn

Hafsteinn Einarsson,
Námufélagi og
stærðfræðinemi



Flúðu heimili sín vegna skógarelda

Tíu þúsund íbúar úthverfis nálægt Aþenu í Grikklandi hafa þurft að flýja heimili sín vegna skógarelda. Tugir heimila hafa brunnið en enginn látist. Frekari útbreiðsla eldsins yrði vistfræðilegt stórslys.

GRIKKLAND Tíu þúsund íbúar Agios Stefanos, úthverfis 23 kílómetrum norðaustur af Aþenu, höfuðborgar Grikklands, hafa þurft að flýja heimili sín vegna skógarelda sem hófust á föstudag. Talið er að rúmlega 120 þúsund fermetrar af landi hafi brunnið til kaldra kola.

Lögreglan gekk í gegnum hverfið með hátalara og hljóðnema í gær og skipaði íbúnum að halda til Aþenu. Eldarnir vekja vafalaust upp óþægilegar minningar hjá Grikkjum en árið 2007 urðu 70 manns skógareldi að bráð víðs vegar í Grikklandi.

Erfiðlega hefur gengið að slökkva eldana vegna vinda en vindáttirnar hafa breyst ört og virðist eldurinn breiðast mjög hratt út. Flugvélar frá Ítalíu, Frakklandi og Kýpur hafa verið sendar á staðinn til að hjálpa gríska slökkviliðinu.

Á laugardaginn hafði eldurinn breiðst út til Varnavas og í gær náði hann til úthverfanna Drafi, Pikermi og Pallini, nálægt Aþenu.

Eldurinn nálgast höfuðborgina ört, en þrjú af fjórum fjöllum sem umkringja borgina hafa engin tré, þar sem þau öll brunnu í eldunum árið 2007. Frekari útbreiðsla eldsins yrði vistfræðilegt stórslys, að mati umhverfisfræðinga.

Tugir heimila hafa brunnið til grunna og algjört neyðarástand ríkir. Enginn hefur látist í eldsvödanum enn sem komið er.

Costas Karamanlis, forsætisráðherra Grikklands, segir að landið sé að ganga í gegnum hörmungar en slökkviliðið og hjálparsvæitir séu að gera kraftaverk. Mikið af þyrlum, flugvéllum og hundruð slökkviliðsbíla reyndu að slökkva eldana í gær.

Panayiotis Bitakos, varabærjastjóri Agios Stefanos, segir að bæjaryfirvöld hafi beðið yfirvöld um að senda slökkvilið strax og eldurinn kom upp. Yfirvöld hafi hins vegar brugðist seint við og sagði hann að allt of seint væri að bjarga þessu núna.

vidir@frettabladid.is

100%
fjármagnsvernd –
örugg ávöxtun.

*Við þössum
– rétt eins
upp á peningana þína
og þeir væru okkar.*



Þegar um er að ræða þitt eigið fjárhagslegt öryggi á efri árum verður eitt sífellt mikilvægara! Að fjárfestingin sé 100% örugg til þess að þú getir notið eftirlaunaaldursins – óháð því hvaða aldri þú nærð.

Þetta öryggi hefur Versicherungskammer Bayern boðið viðskiptavinum sínum í 125 ár. Versicherungskammer Bayern er meðlimur í sambandi fjármálafyrirtækja þýsku sparisjóðanna sem 50 milljónir ánægðra viðskiptavina trúa fyrir fjármunum sínum.


Nánari upplýsingar um 100% örugga fjárfestingu er að finna á www.sparnadur.is eða þú hringir einfaldlega í einn af okkar vottuðu ráðgjöfum.

Við hlökkum til að heyra í þér í síma 577-2025 en einnig geturðu sent okkur tölvupóst á sparnadur@sparnadur.is.


SPARNADUR
www.sparnadur.is

Bayern Líf.

VER | **SICHER** | UNGS
KAMMER
BAYERN

 Finanzgruppe



HINN ÍSLENSKI PURSAFLOKKUR Margar þekktar hljómsveitir komu fram á tónleikum Rásar tvö í Hljómskálagarðinum.

Menningarnótt aldrei verið vinsælli

Um hundrað þúsund manns voru í miðbæ Reykjavíkur á laugardag. Daníel Rúnarsson ljósmyndari Fréttablaðsins smellti myndum af herlegheitunum.

SKEMMTUN Um hundrað þúsund manns lögðu leið sína í miðbæinn á laugardag í tilefni af Menningarnótt, samkvæmt talningu lögreglunnar. Aðstandendur hátíðarinnar, sem haldin var í fjórtánda sinn á laugardag, voru hæstánægðir með hvernig til tókst.

Mannfjöldinn virðist hafa lagt höfuðáherslu á að skemmta sér í stað þess að skapa vandræði og gekk hátíðin stóráfallalaust fyrir sig. Fjórir voru teknir fyrir ölvunarakstur og höfð afskipti af nokkrum vegna minni háttar líkamsárása.

Dagskráin hófst með setningarathöfn klukkan tólf á hádegi og lauk með flugeldasýningu klukkan 23 um kvöldið. Í millitíðinni höfðu hátíðargestir úr fjölda smærri og stærri skemmtiatriða að velja, þar á meðal tveggja stórtónleika, annars vegar í Hljómskálagarðinum og hins vegar á Ingólfstorgi.

Margir héldu enn þá til í bænum eftir að skipulagðri dagskrá lauk, þó ekki fleiri en á „góðri helgi“ eftir því sem lögreglan segir.

- hhs



FYLGJAST MEÐ Lögreglan hefur jafnan töluverðan viðbúnað á Menningarnótt. Hátíðarhöldin fóru vel fram, lögreglumönnum til ánægju.



ÚT ÚR KÚ Þessar kúr glöddu augu þeirra sem áttu leið fram hjá Tjörninni á Menningarnótt.



ÓHÓFLEGT FLIPP Fjöldi fólks fylgdist með þegar ræðumenn tókust á um hvort óhóflegt flipp væri réttlætlanlegt.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



VILLTIR ÚTLENDINGAR Þetta útlenda par sem varð á vegi ljósmyndara Fréttablaðsins hafði ekki hugmynd um hvert það ætti að fara næst.

Heitirpottar.is

Rafmagnspottar • Hitaveituskeljar • Billiardborð.
Mikið úrval.



HREINSIEFNI
fyrir allar tegundir potta.
Klór - síur og það
nýjasta er flotholtið.

Heitirpottar og skeljar
Kleppsvegur 152 sími 554 7755
(áður bakarí Jóa Fel)





TORGIÐ FULLT Bylgjan stóð fyrir tónleikum á Ingólfstorgi á Menningarnótt en þar komu meðal annars fram Megas og senubjórnarnir, Baggalútur og Hjalmar.

26 REYKJAVÍKUR
ÁRA MARAÞON
ÍSLANDBANKA
22. ÁGÚST 2009



Takk fyrir...



4008 Latabæjarhlauparar
1723 skemmtiskokkarar
3527 10 km hlauparar
1559 hálfmaraðon hlauparar
670 maraðonhlauparar
450 starfsmenn og sjálfboðaliðar
þolinmóðir og tillitssamir bílstjórar
öflugt hvatningarfólk
tryggir samstarfsaðilar



allir sem studdu góð málefni með áheimum

...og aðrir sem gerðu daginn ógleymanlegan.

Úrslit og myndir á www.marathon.is.



NÝTT

Átaksnámskeið

fyrir karla og konur í Sporthúsinu

fyrir þá sem vilja mikið
aðhald og árangur!



Eftirfarandi námskeið eru í boði

Karlar átak

7 vikna námskeið sem hefjast 31. ágúst

- 1) mán + mið + föstud. kl: 6.00
- 2) mán + mið + föstud. kl: 18:30

Kennarar: Lára Örlygsdóttir og Hrafnhildur Pálsdóttir sem hafa alþjóðleg kennsluréttindi og margra ára reynslu í líkamsræktarkennslu.



Konur átak

6 vikna námskeið sem hefjast 7. og 8. september

- 1) mán + mið + föstud. kl: 6.00



Kennari: Kristín Viktorsdóttir

- 2) mán + þri + fim kl: 17.30
- 3) þri + fim kl: 18.30 + laug kl: 10.00



Kennari: Salóme Guðmundsdóttir

Verð aðeins : 19.900 kr.

Skráning hafin - tryggðu þér pláss í dag!
gunnhildur@sporthusid.is eða í s: 564-4050

SPORTHÚSIÐ

heilsurækt fyrir alla

DALSMÁRA 9 - 11 • 201 KÓPAVOGI • S. 564 4050

ÓDÝRT Í SKÓLANN!!!

Samkvæmt
verðkönnun
Morgunblaðsins
21. ágúst 2009

ERUM VIÐ LANG
ÓDÝRASTIR!!!
Í NÁMSBOKUM

99



Skrift æfingabók 1, 2 og 3



Strokleður
NIMF

18

189



Tímaritabox plast
BX4010 11

85



Sögubókin mín

49



Reikningsbók A4
ED50584

GRIFFILL

**ALLTAF
ÓDÝRARI**

SKEIFUNNI 11 s: 5331010
LAUGAVEGI 12b · S: 8208392

griffill.is

OPIÐ
10-20



Hjartans þakkir til allra er sýndu okkur samúð og blýbug við andlát og útför okkar ástkæra eiginmanns, föður og afa,

Friðriks Péturssonar

fýrri. kennara, Borgarholtsbraut 20, Kópavogi.

Jóhanna Herdís Sveinbjörnsdóttir
Ríkhartður H. Friðriksson
Jóhanna Vigdís Ríkhartðsdóttir
Kristín Helga Ríkhartðsdóttir



Systir okkar og mágkona,

Birna María Eggertsdóttir

kennari,
sem lést fimmtudaginn 13. ágúst,

verður jarðsöngin frá Fossvogskirkju mánudaginn 24. ágúst kl. 13.00.

Ásta Lóa Eggertsdóttir
Ingigerður Eggertsdóttir
Unnur Eggertsdóttir, Hermann Arnviðarson, Gunnhildur Hrefna Eggertsdóttir, Óskar Þorsteinsson, Kolbrún Eggertsdóttir, Arnaldur F. Axfjörð, Pétur Eggert Eggertsson, Sigurborg Steingrimsdóttir.



Elskuleg móðir okkar,

Þorbjörg Lilja Jónsdóttir

Skúlagötu 40, Reykjavík,

andaðist á Hjúkrunarheimilinu Víðinesi þriðjudaginn 18. ágúst síðastliðinn. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Fyrir hönd annarra aðstandenda,
Jón Hólm Stefánsson
Nína Áslaug Stefánsdóttir
Rannveig Margrét Stefánsdóttir
Bergur Viðar Stefánsson



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Auður Sigurjónsdóttir

áður til heimilis að Austurvegi 51, Selfossi,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands, fimmtudaginn 20. ágúst. Útförin verður auglýst síðar.

Sigurjón Bergsson
Pórir Bergsson
Ólöf Helga Bergsdóttir
Arnlaug Bergsson
Þórmundur Bergsson
Bergur Heimir Bergsson
Pálína Tómasdóttir
Briat Þorsteinsdóttir
Smári Kristjánsson
Guðný Ósk Sigurbergsdóttir
Margrét E. Laxness
Puríður Björnsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Okkar hugljúfa eiginkona, móðir, tengdamóðir og amma,

Mary Alberty Sigurjónsdóttir

hjúkrunarkona, Faxatúni 32, Garðabæ,

sem lést 3. ágúst sl., verður jarðsöngin frá Vídalínskirkju í Garðabæ þriðjudaginn 25. ágúst nk. kl. 15.00. Þeim sem vildu minnst hennar er bent á Grensásdeild Landspítalans.

Jón Fr. Sigvaldason
Ragnheiður Edda Jónsdóttir
Líney Rut Guðmundsdóttir
Jón Grétar Guðmundsson
Guðmundur Þór Kristjánsson

PAULO COELHO (1947) FÆDDIST PENNAN DAG.

„Ástin getur ferjað okkur til helvítis eða himna, hún fer í það minnsta alltaf með okkur eitthvað.“

Paulo Coelho er brasilískur rithöfundur.



tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 24. ÁGÚST 1983

Sigtúnshópurinn fundar

Á þessum degi árið 1983 hittust um 2.000 manns á veitingahúsinu Sigtúni vegna óánægju með húsnæðislaðakerfið. Fundurinn var haldinn af svokölluðum „Sigtúnshópi“. Í ályktun sem samþykkt var þetta kvöld sagði meðal annars:

„Einu raunhæfu úrbæturarnar eru þær, að lán verði veitt til lengri tíma, að lán verði mun hærra hlutfall af húsnæðis-kostnaði en nú er, og, að þessar aðgerðir verði afturvirkar þannig að þeir, sem keypt hafa eða byggt húsnæði, síðustu þrjú ár, njóti þeirra.“

Á fundinum var einnig rætt um framtíð íslenskra fjölskyldna



en á þessum árum hafði óða-verðbólga ríkt um langt skeið. Endurteknar skerðingar höfðu einnig orðið á launum fólks þannig að lánabyrðin var orðin meiri en verðmæti eignanna. Sigtúnshópurinn var starfræktur í um tvö ár og er talinn hafa náð góðum árangri með kröftugum aðgerðum.



GUÐMUNDUR MAGNÚSSON Hópur hans fékk verðlaun fyrir bestu viðskiptaáætlunina hjá Háskólanum í Reykjavík.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

HÓPURINN B. UNIQUE: FÉKK FRUMKVÖÐLAVERÐLAUN GUÐFINNU BJARNADÓTTUR

Framsögn æfð með gervigreind

Frumkvöðlaverðlaun Guðfinnu S. Bjarnadóttur voru veitt í þriðja sinn við skólasetningu Háskólans í Reykjavík síðastliðinn þriðjudag. Verkefnið sem hlaut verðlaun fyrir bestu viðskiptaáætlunina nefnist B. Unique ehf. Hugmyndin gengur út á að þjálfa framsögutækni með hugbúnaðinum BIONIC sem nýtir sjálfvirka greiningu á málnotkun og framkomu með háþróaðri gervigreind.

„Þetta var mikill heiður og það var kannski ekki beint búist við þessu,“ segir Guðmundur Magnússon, nemi í fjármálaverkfræði og hluti af sex manna hópi úr HR sem vann verkefnið. Nemendurnir sóttu námskeiðið Nýsköpun og stofnun fyrirtækja á vorönn 2009 og skiluðu drögum að viðskiptaáætlun sem lokaverkefni í því námskeiði. Auk

Guðmundar skipa hópin þau Arnþór Sigurðsson, Atli Ómarsson, Einar Örn Guðmundsson, Gunnar Valur Sigurðsson og Tinna Björk Bryde.

Hvatinn að sigurvefni þeirra er að leysa þann vanda sem einstaklingar geta staðið frammi fyrir þegar þeir tjá sig fyrir framan hóp af fólki. Markhópar eru skólar, fyrirtæki og stofnanir. BIONIC er hugbúnaður sem gæti umbylt hæfni einstaklinga í framsögu og er áætlaður þróunartími hans eitt ár. Stefnt er að því að hugmyndinni verði hrint í framkvæmd í samvinnu við gervigreindarsetur Háskólans í Reykjavík, CADIA.

„Hugmyndin er að þetta verði notendavænn hugbúnaður sem er hægt að nota í einkatölvu en til að byrja með verður þetta ekki á markaði

fyrir einkanotendur,“ segir Guðmundur. „Notandinn getur valið stærð salar, fjölda fólks og fleira. Síðan heldur hann fyrirlesturinn fyrir framan tölvuna og vefmyndavél tekur mynd af viðkomandi. Hann getur horft á sjálfan sig eftir á, því það er oft besta krítíkin að horfa á sjálfan sig.“

Að sögn Guðmundar verður einnig hægt að notast við gervigreind þar sem notandinn fær viðbrögð jafnóðum við fyrirlesturinn, þar á meðal geispa og klíð úr salnum. „Sá hugbúnaður er til en það þarf fyrst að samþætta nokkrar hugbúnaðarlausnir,“ segir hann. Bætur hann við að hugbúnaðurinn hafi þann kost að bjóða upp á síþjálfunarmöguleika þannig að fólk geti æft sig og bætt sig hvenær sem því hentar.

frey@frettabladid.is



Ástkær sonur okkar og bróðir,

Bragi Friðbjólfsson

Sléttahrauni 28, Hafnarfirði,

lést 17. ágúst. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði fimmtudaginn 27. ágúst kl. 13.00.

Friðbjófur Bragason
Róbert Friðbjólfsson
Ragna Björg Friðbjófsdóttir
Ellen Ragnarsdóttir



100 ára afmæli

Innilegar þakkir til allra þeirra sem glöddu mig í tilefni 100 ára afmælis míns 11. ágúst sl. með heimsóknunum, kveðjum og gjöfum til Ástjarnar eða Gídeonfélagsins.

Guð blessi ykkur öll og lifið heil!

Irene Gook

Dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

DALIR - HÓLAR - HANDVERK er sýningarverkefni í Dölum, við Breiðafjörð og á Ströndum sem stuðlar að samstarfi milli heimafólks og aðkominna um handverk og listir. Skólahús gamla landbúnaðarskólans í Ólafsdal og umhverfi hans er útgangspunktur sýningarinnar sem stendur til 30. ágúst. www.artinfo.is/olafsdalur



ALLT

Sölufulltrúi Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473

FRÉTTABLAÐIÐ

Meirapróf



Upplýsingar og innritun í síma 5670300

NÝTT NÁMSKEIÐ HEFST 26. ÁGÚST



Kolfína með uppáhaldsbúninginn sinn sem hún saumaði rétt rúmlega tvítug.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNPÓR

Undurfagur faldbúningur

Kolfína Sigurvinsdóttir íþróttakennari hefur saumað um tuttugu þjóðbúninga um ævina. Þá leigir hún út til fólks sem vill klæðast slíkum búningum við sérstök tækifæri. Einn heldur hún þó mest upp á.

„Uppáhaldsbúningurinn minn er faldbúningur sem ég saumaði mér þegar ég var 22 ára gömul,“ segir Kolfína Sigurvinsdóttir íþróttakennari sem hefur saumað um tuttugu þjóðbúninga á sinni lífstíð. „Við byrjuðum nokkrar ungar í þjóðdansafélaginu að sauma okkur faldbúninga þegar við vorum til- tölulega nýbyrjaðar þar,“ segir Kolfína og lýsir búningnum nánar. „Hann er flöskugrænn úr efni sem þeir framleiddu fyrir okkur hjá Álafossi á sínum tíma. Þannig að hann er mjög þykkur og heitur,“ segir hún og hlær þegar hún er innt eftir því hvort hún komist í hann enn í dag. „Þeir hlaupa svoltíð þessir búningar þegar maður geymir þá inni í skáp,“ segir hún kímín.

Við þennan búning á Kolfína undurfagurt steipt stökkabelti sem bóndi hennar gaf henni og Jón Dal- mann gullsmíður smíðaði.

Hún útskýrir að svona búningar séu frá upphafi níttjándu aldar en síðar hafi skautbúningurinn komið til. Kolfína á einnig fagran skaut- búning en gat ekki sýnt lesendum hann þar sem hann var í láni. Kolfína rekur enda þjóðbúningaleigu heiman að frá sér þar sem hún lánar þá búninga sem hún hefur saumað í gegnum tíðina. Þeir eru margir og í mismunandi stærðum enda hefur hún saumað á alla fjöl- skylduna í gegnum tíðina, allt frá litlum eins árs barnabörnum og upp í fullorðnar dætur sínar. „Svo þarf ég alltaf að sauma fleiri á barna-

börnin sem stækka með hverju árinu,“ segir hún glettin.

Á bakvið Kolfínu á myndinni glittir í húsgögn sem Kolfína heldur mikið upp á. „Þau eru úr búi foreldra minna en þau áttu Saur- bæ á Rauðasandi og dvöldu þar á sumrin. Þessar mublur keypti faðir minn í kringum 1950 og þær voru þá þegar gamlar. Þegar hann seldi Saurbæ, í kringum 1970, ætlaði hann að skilja allt eftir en ég hélt nú ekki,“ segir Kolfína sem skipti þá út tekk-mublunum sínum fyrir gömlu húsgögnin sem áður stóðu í messustofunni í Saurbæ. „Þetta eru buffet, leirtauskápur, servant, borðstofuborð og stólar og þetta nota ég allt enn þá.“

solveig@frettabladid.is

SIEMENS

Prífandi og hrífandi gæða-ryksugur frá Siemens. Þú finnur þá réttu hjá okkur. Líttu inn.

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

Stillanleg rúm á sumartilboði



IQ-CARE

HEILSUDYNUR OG HEILSUKODDAR

Ein besta heilsudýna í heimi
Gerð samanburð



Álbrautir í úrvali fyrir stór sem smá tæki.

BRIMCO

Flugumýri 8 - 270 Mosfellsbæ
Sími 894 5111 - www.brimco.is

Lagerstarf

Húsgagnaverslun vantar vanan lagermann til starfa. Ekki undir 22 ára aldri.

Vinsamlegast sendið starfsferil með mynd á netfangið husgagnaverslun@gmail.com

Grunnskólakennarar

Óskum að ráða grunnskólakennara í 50% starf í Námsver á elsta stigi-islenska/enska (tímabundin ráðning til 20.02.2010 vegna forfalla)

Upplýsingar um starfið gefa Sveinbjörn Markús Njálsson skólastjóri, í sínum 5404700 og 8215007, netfang: sveinbjorn.njalsson@alftanesskoli.is og Erna I. Pálsdóttir aðstoðarskólastjóri í sínum 5404700 og 8215009 netfang: erna.palsdottir@alftanesskoli.is

Umsóknir sendist skólastjóra eða aðstoðarskólastóra á netfang þeirra eða í pósti til skólastjóra Álftranesskóla, 225 Álftranesi.

Skólastjóri

Auglýsingasími

512 50 50



- Mest lesið

ATORKA

AÐALFUNDUR

Atorka Group hf.

Mánudaginn 31. ágúst 2009

Hótel Hilton Nordica

Aðalfundur Atorku Group hf. verður haldinn mánudaginn 31. ágúst 2009 kl. 10:00 á Hótel Hilton Nordica.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess fyrir liðið starfsár.
2. Ársreikningur félagsins fyrir síðastliðið starfsár lagður fram til skýringar og staðfestingar.
3. Ákvörðun um meðferð taps á síðastliðnu starfsári.
4. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins, þ.m.t. ákvörðun þóknunar til stjórnarmanna.
5. Kosning stjórnar.
6. Kosning endurskoðenda.
7. Önnur mál.
 - a. Fjárhagsleg endurskipulagning.

Stjórn Atorku Group hf.

Yfirburðir Fréttablaðsins staðfestir!

Fréttablaðið er með **106%** meiri lestur en Morgunblaðið.

72%


Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup ótvírætt sýnir.

Við erum auðvitað rífandi stolt af þessum góða árangri og bendum auglýsendum á að notfæra sér forskot okkar þegar þeir velja auglýsingamiðil.

35%



MORGUNBLAÐIÐ



FRÉTTABLAÐIÐ

Allt sem þú þarft...



Meðallestur á tölublaði á höfuðborgarsvæðnu, 18 - 49 ára. Könnun Capacent í maí 2009 - júlí 2009.

Hahn til Íslands

Bandaríski fiðlusnillingurinn Hilary Hahn er væntanleg til Íslands í mars á næsta ári og mun leika einleik í fiðlukonsert eftir Sergei Prokofiev með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Tónleikarnir verða liður í 60 ára afmælishaldi Sinfóníuhljómsveitarinnar.

Hin 29 ára gamla Hilary Hahn þykir standa á hátindi frægðar sinnar en í fyrra hlaut hún bæði Grammy-verðlaun og Gramophone-verðlaun sem einleikari ársins. Hún útskrifaðist úr Curtis-tónlistarháskólanum 16 ára gömul og hefur síðan ferðast um heiminn og haldið hátt í 2.000 tónleika. Hún lék meðal annars einleik á fiðlu í tónlist kvikmyndarinnar The Village eftir M. Knight Shyamalan, og nýr



HILARY HAHN þykir með fremstu fiðuleikurum heims.

geisladiskur hennar með fiðlukonsert Sibeliusar fór beint í fyrsta sætið á klassíska Billboard-listanum fyrr á þessu ári. Tónleikar Hilary verða í Háskólabíói fimmtudagskvöldið 4. mars 2010.

NAFNIÐ MITT: KOLBRÚN PÁLÍNA HELGADÓTTIR

Kom ekkert annað til greina

„Foreldrar mínir gáfu mér Kolbrúnar-nafnið um leið og ég kom í heiminn og þau þurftu ekkert að ræða það frekar, enda var ég þakin dökku hári,“ segir Kolbrún Pálína Helgadóttir, blaðamaður og nýbúkuð móðir.

Pálinu-nafnið er frá ömmu hennar. „Ég er ákaflega ánægð með það nafn í dag og stolt af því en þegar ég var krakki voru hin og þessi dægurlög, svo sem „Pálína með prikið“ og fleiri að gera mér lífið leitt og ég var því ekki alltaf sátt við það.“

Kolbrún var kölluð Kolla sem krakki og einnig eftir að hún elstist þótt hún heyrir æ oftar að fólk kalli hana báðum nöfnum og hún er ánægð með það.

Sjálf lét Kolbrún skíra nokkurra

vikna dóttur sína um þar síðustu helgi og var henni gefið nafnið Tinna Karítas. „Við ákváðum að leika okkur svolítið og nefndum hana út í bláinn. Hún er með kastaniubrunnt hár og bæði nöfnin fannst okkur passa vel við brúnrauða hárið hennar.“

- jma

VAR LENGI AÐ SÆTTAST VIÐ PÁLÍNU-NAFNIÐ Kolbrún Pálína Helgadóttir segir að þótt hún kunnir vel við Pálinu-nafnið í dag hafi hún ekki verið eins sátt sem krakki.



GJÖFIN AFHENT Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri heldur á merkri bók sem Guðfinna Guðmundsdóttir, ekkja Þórðar, færði henni að gjöf.

Borginni gefið dýrmætt safn

Einstakt ferðabókasafn Þórðar Björnssonar, fyrrverandi bæjarfulltrúa og síðar ríkissaksóknara, var fært Reykjavíkurborg að gjöf á afmæli borgarinnar. Við sama tækifæri opnaði Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri sýningu á skjölum úr skjalasafni Þórðar.

Þórður Björnsson hóf söfnun bóka um Ísland þegar hann dvaldist sem ungur maður í London og Svíþjóð, strax eftir seinna stríð. Í framhaldinu kom hann sér upp tengslum við bóksala víða um lönd enda er í safni hans að finna helstu rit sem fjalla um ferðir erlendra ferðalanga til Íslands. Einnig eru þar greinar um Ísland og íslenska menningu út frá ýmsum sjónarhornum frá 18. öld fram undir lok 20. aldar og eru verkin alls 2.150. Þórður lést 21. mars 1993.

Bókasafn Þórðar er mikill fengur fyrir þá sem vilja kynna sér íslenska menningu og sögu frá sjónarhóli þeirra sem horfa á land og þjóð úr fjarlægð. Því hefur verið valinn staður í Borgarskjalasafni Reykjavíkur þar sem einkaskjalasafn hans er líka varðveitt. Bókasafninu fylgja átján Íslandskort sem síðar stendur til að skanna og gera aðgengileg á vef Borgarskjalasafnsins.

- gun

Nýr vefur í til efni afmælis

Tónlistarskóli Ísafjarðar hefur opnað nýjan vef í til efni af sextíu ára afmæli skólans á síðasta ári. Vefurinn er nú að mestu tilbúinn og var settur á netið á dögunum. Á vefnum má finna upplýsingar um starfsemi skólans, námsframboð, hljóðfæri, starfsfólk og skóladagatal.


Þá verður þar ýmis fróðleikur um ísfrískt tónlistarlíf, svo sem tónleikahald, sögu skólans og ísfríska tónlistarmenn. Slóðin á vefinn er www.tonis.is



Engjabykkni

- því þú átt gott skilið

... milli mála



... í eftirrétt

... í kaffitímanum

... öllum stundum!



Lægra verð í Lyfju

+ Gildir út ágúst 2009

www.lyfja.is



15% verðlækkun+
LAMISIL ONCE



15% verðlækkun+
VECTAVIR frunsuáburður

LYFJA
- Lífið heil



NOKKUR ORÐ
Pórunn
Elísabet
Bogadóttir

Þetta verður allt í lagi

Mér þykir leiðinlegt að vera boðberi slæmra tíðinda, en einhver verður að taka það að sér. Það er ekki lengur hægt að vona að haustið sé ekki að koma. Það er eiginlega bara komið. Og ég sem hafði ætlað að vera í hálfgerðu sumarfríi í september og vonaðist eftir góðu veðri. Nú er ég orðin heldur svart-sýn á það. Og farin að kvíða örlítið fyrir vetrinum.

Við munum væntanlega öll eftir síðasta vetri. Hið hefðbundna skammdegisþunglyndi bliknaði í samamburði við það sem reið yfir þjóðina þá. Ég er hreinlega ekki viss um það hvort við þolum annan vetur eins og þann síðasta. Það eru samt allar líkur á því að það verði eitthvað svipað uppi á teningnum áfram. Reyndar dynur að öllum líkindum ekki sama áfallið yfir

Og ég sem hafði ætlað að vera í hálfgerðu sumarfríi í september og vonaðist eftir góðu veðri. Nú er ég orðin heldur svart-sýn á það. Og farin að kvíða örlítið fyrir vetrinum.

okkur og í lok september og byrjun október í fyrra, en við munum halda áfram að fá fréttir af hörmungunum sem fram undan eru sem og hörmungunum sem á undan eru gengnar. En hvernig í fjandanum eignum við þá að lifa þetta af?

Það er vissulega klisja, en stundum verða þær bara að fá að heyrast. Það eina sem mögulega mun koma okkur í gegnum vetrinum sem er fram undan er bjartsýni. Og þrátt fyrir að allar líkur séu á hinu gagnstæða hef ég enn þá trú á því að það verði allt í lagi með okkur. Einhvern tímann.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Geljan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



MESTA ÚRVALIÐ

STÚTFULL BÚÐ AF NÝJUM TILBOÐUM



3 LEYFI
MÁ SETJA UPP
Á ALLT AÐ 3
TÖLVUR



2009
INTERNET SECURITY
VIRUSVÖRN
4.990

FÁANLEG
SVÖRT, RAUÐ
EÐA HVÍT



M7700
PRÁÐLAUS
FARTÖLVUMÚS
4.990

HVERGI
BETRA
VERÐ



15"
VÖNDUÐ BELKIN
FARTÖLVUTASKA
4.990

8BLS
2 GLÆSILEGIR
BÆKLINGAR
STÚTFULLIR AF
TILBOÐUM

OPNUNARTÍMAR

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00



TÖLVUTEK

Borgartúni 31 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

acer ASUS hp lenovo msi packard bell SONY TOSHIBA

> Í „YNGINGARMEGRUN“

Kate Moss, 35 ára, hefur nú ákveðið að fara í sérstakt átak í von um að hún muni líta út fyrir að vera tíu árum yngri en hún er. Samkvæmt heimildum breska blaðsins The Daily Mail var fyrirsætan sjokkeruð þegar hún sá myndir af sjálfri sér á St. Tropez. Henni líkaði sérstaklega illa að sjá ummerki öldrunar á húð sinni og hefur ákveðið að fara í stranga megrun í von um að endurheimta æskuljómann.



fólk
folk@frettabladid

Strumparnir aftur í sjónvarp

Stöð 2 hefur tryggt sér sýningarréttinn á Strumpabáttunum og munu sýningar hefjast í næsta mánuði. Þættirnir sem um ræðir eru sömu Strumpabættir og nutu mikilla vinsælda á níunda áratug síðustu aldar, en Stöð 2 hefur endurbætt þættina með því að hreinsa þá og færa á stafrænt form. Þá er einnig búið að endurhljóðvinna talsetningu Þór-halls Sigurðssonar leikara, eða Ladda, sem talaði fyrir alla Strumpana, Kjartan galdrakarl og köttinn hans.

STRUMPARNIR 50 ÁRA Laddi talar fyrir alla Strumpana, Kjartan galdrakarl og köttinn hans í Strumpabáttunum sem hafa verið betrubættir fyrir sýningar á Stöð 2 í september, en í ár fagna Strumparnir 50 ára afmæli sínu.

Aðspurður segist Laddi vera ánægður með að Strumparnir birtist aftur á skjánum. „Ég var einmitt að fást yfir því að Strumparnir væru ekki komnir á DVD, því þeir eru bara til á spólum. Það eru komnar tvær kynslóðir sem hafa fylgst með þeim og þeir eru sigildir,“ segir Laddi.

Í ár fagna Strumparnir 50 ára afmæli sínu og af því tilefni er kvikmynd í vinnslu. Ekki þykir ólíklegt að Laddi verði fenginn til að talsetja myndina yfir á íslensku og sjálfur segist hann til í slaginn ef til



LADDI Stoltur af talsetningu sinni á Strumpunum.

þess kemur. „Ég vona að ég fái alla vega eitthvað hlutverk. Ég efast um að þeir láti mig lesa allt aftur, en það væri gaman,“ segir hann og brosir.



Félagar fengu hæstu einkunn

Félagarnir Einir Guðlaugsson og Örn Ingólfsson útskrifuðust með hæstu einkunn, eða 12, úr meistaranámi sínu í verkfræði við Tækniháskólann í Danmörku. „Maður er alveg í skýjunum og er í rauninni ekki alveg búinn að fatta að maður sé búinn með þetta,“ segir Einir. „Þetta kom skemmtilega á óvart en við vorum búnir að vinna hart að þessu verkefni og stefndum á þetta.“

Lokaverkefnið, sem tók hálf tveggja ára í vinnslu, fólst í því að hanna sérstaka stýringu fyrir róbótarm. Slíkir armar eru orðnir mjög þekktir í færbandaiðnaði, bæði í bílaíðnaði og hjá fyrirtækjum á borð við Marel.

Einir og Örn útskrifuðust úr Háskóla Íslands árið 2007 og hafa fylgst að allan sinn háskólaferil. „Við erum búnir að vera í nákvæmlega sömu kúrsum og sama námi síðan við byrjum í HÍ. Það er ekki mjög algengt að menn séu að gera þetta. Síðan máttum við taka tveir saman loka-verkefnið, þannig að það hefur verið fínt samstarf á milli okkar,“ segir Einir. Spurður hvort þeir ætli ekki að halda áfram að starfa saman eftir námið segir hann það óvíst. „Þrátt fyrir gott samstarf held ég að það verði einhvern tímann að klippa á naflastrenginn



Einir Guðlaugsson Útskrifaðist úr meistaranáminu með hæstu einkunn. Félagi hans Örn er staddur í Danmörku og gat því ekki verið með á myndinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

en ef það myndi bjóðast yrði það örugglega gott.“

Einir er ekki ókunnur góðum einkunnum því þegar hann útskrifaðist úr FG á sínum tíma dúxaði hann með 9,8 í einkunn, sem er met. Einnig tók hann þátt í Idol-keppninni árið 2004 en datt út í 32 manna úrslitum, sem sýnir þó að hann er hæfileikaríkur piltur með eindæmum.

Framleiðsla á minjagripum um Michael Jackson leyfð

Dómstóll í Bandaríkjunum hefur leyft sölu á varningi til minningar um poppsöngsögnina Michael Jackson. Föt, leikföng og í raun allt milli himins og jarðar er á leiðinni í framleiðslu.

Síðan Jackson lést fyrir sjö vikum hafa lögfræðingar og dómstólar setið sveittir yfir erfðaskrá popparans og dánarbúi með það fyrir augum að hámarka tekjur skyldmenna hans í framtíðinni.

Auk alls varningsins sem fer í framleiðslu á næstu mánuðum eru fjölmörg önnur verkefni í pípunum. Fyrst má nefna tónleikamynd um kappann sem er í undirbúningi og verður sýnd víða um heim, þar á meðal hér á landi. Byggir hún á upptökum frá æfingum Jackson fyrir endurkomutónleika sína í London sem aldrei urðu að veruleika. Einnig stendur til að endurútefna sjálfsvævisögu hans og gefa út veglega Jackson-stofuborðsbók. Þar fyrir utan hefur sala á geisladiskum með Jackson aukist gífurlega eftir dauða hans og telur fyrrverandi lögfræðingur hans og einn af umsjónarmönnum erfðaskrárinnar, John Branca, að popparinn eigi eftir að þéna hátt í 26 milljarða króna á plötusölu, einungis á þessu ári. Þannig er safnplatan Number Ones enn þá í efsta sæti vinsældarlista bæði í Bretlandi og Bandaríkjunum. „Við ætlum að skoða hvað fjölskyldur stjarna eins og Marilyn Monroe, Frank Sinatra og Elvis Presley hafa gert eftir dauða þeirra. Við viljum nota þessa okkur það besta frá þeim við mótun okkar stefnu,“ sagði Branca.

Annar lögfræðingur sem tengist dánarbúi Jacksons segir: „Við



MICHAEL JACKSON Konungur poppsins skömmu fyrir dauða sinn á æfingu fyrir endurkomutónleika sína í London.

eigum langa leið fyrir höndum. Michael Jackson er gríðarlega stórt nafn. Við höfum frábært tækifæri til að græða mikla peninga fyrir þá sem tengjast dánarbúinu, sem í dag eru móðir hans og börnin hans þrjú.“

Sú spurning kemur alltaf upp þegar stjarna eins og Jackson deyr hvort menn séu ekki á síðferðislega gráu svæði með því að reyna að græða á henni. Caspar Llewellyn-Smith, ritstjóri Observer Music Monthly-tímaritsins, segir í viðtali við BBC að það sé ekkert óeðlilegt við það. „Í hvert skipti sem stór stjarna deyr þá reyna allir að græða á henni á

skjótferðinni hátt,“ sagði hann. „Það er hægt að halda utan um þetta á varfærnislegan hátt. Fólk þykir virkilega vænt um hann og ég get vel skilið að fólk vilji eignast hluta af honum.“

Miðað við það magn minjagripa og varnings tengdum Jackson sem á eftir að fara í framleiðslu og þann fjölda laga eftir hann sem mun hljóma á öldum ljósvakans er ljóst að þrátt fyrir dauða hans á konungur poppsins eftir að lifa um ókomin ár. Rétt eins og rokk-kóngurinn Elvis Presley sem þénaði mest allra látinna stjarna á síðasta ári, eða um 6,7 milljarða króna.

Pulsaðu þig upp í Mosó!

Tilboð

Pylsa, gos og súkkulaði á aðeins 450 kr.

Pylsuvagninn við Lágafellslaug

Gítarnámskeið

12 einkatímar fyrir alla aldurshópa

verð: kr 47.000

innritun er hafin í síma 581 1281

www.gitarskoli.is

gitarskoli@gitarskoli.is

Sólbrúnir með glænýja plötu

Baggalútur er kominn aftur á stjá eftir sumarfrí með nýja plötu í farteskinu, Sólskinið í Dakóta, og stúffulla heimasíðu af fréttatengdu gríni.

„Við erum bara kátir. Við erum búnir að sóla okkur á Tortóla í allt sumar og erum orðnir sólbrúnir og sætir,“ segir Bragi Baggalútur.

Nóg hefur verið um að vera í þjóðmálunum hér á landi undanfarið og Baggalútsmenn ætla að tækla þau eins og þeim einum er lagið. „Við erum upp fyrir haus í skít að reyna að vinna okkur út úr þessu. Það stoppar ekki síminn á ritstjórnarskrifstofunni frá fólkum sem vill létta á sér. Við ætlum að reyna að hreinsa úr fjósinu,“ segir Bragi.

Platan Sólskinið í Dakóta, sem kemur út næsta föstudag, hefur að geyma ellefu hressileg lög eftir Braga við texta eftir Vestur-Íslendinginn Káinn, eða Kristján Niels Júlíusar. „Hann var Baggalútur þeirra Vestur-Íslendinga fyrir hundrað árum síðan. Hann var afskaplega drykkfelldur og hress,“ segir hann.

Platan var gerð í tilefni af heimsókn Baggalúts í Íslandsgabyggðir í Kanada og í Norður-Dakóta í Bandaríkjunum í vor. „Það var ólýsanlegt að koma þarna og sjá niútiú ára gamla menn sem tala reiprennandi íslensku og hafa aldrei komið út fyrir sveitina í Bandaríkjunum.“



Í **VESTURHEIMI** Baggalútur í Winnipeg í Manitoba síðastliðið vor í heimsókn sinni á slóðir Vestur-Íslendinga.

MYND/GUNDI

Megas syngur í þremur lögum á plötunni og Gylfi Ægisson í einu. „Þetta eru þjóðargersemar,“ segir Bragi og minnst einnig á góða frammistöðu gamla Fóstbræðra í lokalagi plötunnar, Ísland, ég elska þig. Platan kemur í búið eftir nokkra daga og útgáfutónleikar fyrirhugaðir í byrjun september.

Færðu tölvuna endurgreidda

í Skólaleik Max?



Acer Aspire 7530G -623G25MN
2.0Ghz AMD Athlon X2 örgjörvi • 3GB DDR2 minni • 250GB diskur • 17" WXGA skjár

Kauptu fartölvu í Max og þú kemst í pott þar sem úr verða dregnir eftirfarandi vinningar:

1. VINNINGUR: Fartölva endurgreidd ásamt gjafapakka; prentari, taska og fartölvuhátalarar.

2. VINNINGUR: Fartölva endurgreidd.

3. VINNINGUR: Gjafapakki; prentari, taska og fartölvuhátalarar.

Vinningar verða dregnir út laugardaginn 5. sept. og birtir í auglýsingu Max í fréttablaðinu þann daginn. Einnig verða dregnir út aukavinningar vikulega næstu tvær vikurnar.

Þú færð það í Max



79.989 kr.
15,4"
Acer Extensa 5230E-901G16Mn
2.2Ghz Intel Celeron M 900 Centrino örgjörvi • 1GB DDR2 minni • Intel GMA skjákort • 160GB diskur • 15.4" FHD WXGA skjár



84.989 kr.
10"
Toshiba Netbook NB200-10G
1.6Ghz Intel Atom N270 örgjörvi • 1GB DDR2 minni • 160GB diskur • 10" TFT XGA skjár

Ódýrt



89.989 kr.
15,4"
Toshiba L300-25L
2.2Ghz Intel örgjörvi • 1GB DDR2 800MHz minni • Intel Graphics X4500 skjákort • 15.4" WXGA skjár



99.989 kr.
15,4"
Toshiba Satellite PRO L300D-227
AMD Sempron 2.0Ghz örgjörvi • 2GB DDR2 minni • 160GB diskur • 15.4" WXGA skjár



119.989 kr.
15,4"
Toshiba Satellite PRO S300-100
1.8Ghz Intel Core 2 Duo T5670 örgjörvi • 2GB DDR2 minni • 3G móttal • 120GB diskur • 15.4" WXGA skjár



124.989 kr.
15,4"
Toshiba Satellite PRO L300-28T
2.0Ghz Intel Core 2 Duo T5870 örgjörvi • 2GB DDR2 minni • 160GB diskur • 15.4" WXGA skjár



1TB flakkari

WD Essential 2
1 Terabyte flakkari með USB 2

19.989 kr.
Fullt verð ~~24.989~~



Epson S20
A4 bleksprautuprentari sem prentar í 5760 x 1440 punktum. USB. Windows og Mac.

8.989 kr.
Fullt verð ~~12.989~~



2GB minnislykill

SanDisk - SDCZ42048E11
Cruzer Skin 2GB USB minnislykill

1.989 kr.
Fullt verð ~~3.989~~

Tölvuleikir PS3 XBOX PS2
Verð frá kr.

1.989

Allt að 80% afsl.

Opið mán. - fös. kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18

MAX Kaupúni 1 - Garðabæ
Sími 412 2200 - www.max.is

MAX

RAFTÆKI

Fjölbreytni og ferskir vindar

Það vakti nokkra undrun þegar hundrað bestu plötur Íslands-sögunnar voru valdar í vor að hljómsveitin múm kæmist ekki á blað. Hún er sennilega þekktasta og virtasta íslenska tónlistarnafnið erlendis á eftir Björk og Sigur Rós og svo er það líka staðreynd að múm hefur aldrei gert slæma plötu. Hljómsveitin hefur tekið töluverðum breytingum á þeim rúma áratug sem er liðinn frá stofnun hennar. Meðlimir hafa komið og farið þó að þeir Gunnar Örn og Örvar hafi verið kjarni múm frá byrjun. Tónlistin hefur líka þróast heilmikið, hver og ein hinna fimm platna sveitarinnar hefur sinn karakter.

Sing Along to Songs You Don't Know er mjög vel heppnuð plata. Hún hljómar þægilega í eyrum strax í byrjun, en þegar maður kynnist henni betur opnast fleiri og fleiri hliðar á verkinu. Sing Along... er poppaðasta múm-platan og sú lang fjölbreyttasta. Á henni má m.a. heyrna áhrif frá þjóðlaga-tónlist, kántrý, tilrauna-kenndri raftónlist og indípoppi. Sums staðar minna útsetningar jafnvel á Bítlanu og svo er eins og áhrif frá hinni hljómsveitinni sem Örvar er í, FM Belfast, hafi lekið inn í stuðlaginu The Smell Of Today Is Sweet Like Breastmilk In The Wind.

Eins og áður segir er platan mjög fjölbreytt. Hún hefst á tveimur ljúfum popplögum, If I Were A Fish og Sing Along. Á eftir fylgja svo tíu lög af ýmsum gerðum, allt frá marglaga ópusum yfir í einfalt píanópop. Platan er samt öll mjög melódísk. Strengjútsetningar eru



MÚM Alltaf jafnhressir, krakkarnir.

TÓNLIST

Sing Along to Songs You Don't Know
múm

★★★★

Sing Along er ólík fyrri plötum múm, bæði fjölbreyttari og poppaðri. Besta íslenska platan á árinu hingað til.



áberandi og oft mjög flottar og söngurinn er líka í forgrunni, en þar njóta múm-liðar þess að hafa þá frábæru söngkonu Mr. Sillu innanborðs. Kórútsætningarnar á plötunni setja sterkan svip á hana, en þær eru eftir Högnu Egilsson úr Hjartalín.

Á heildina titið er Sing Along

to Songs You Don't Know frábær plata sem sýnir að sköpunargleðin er ekkert að dvína hjá múm. Besta íslenska platan á árinu hingað til, múm er vanmetin sveit hér á landi. Vonandi tekur þjóðin við sér í þetta skiptið.

Trausti Júlíusson

NÝTT Í BÍÓ!

Frá Tony Scott, leikstjóra Deja Vu og Man on Fire kemur magnaður spennutryllir.

WASHINGTON TRAVOLTA
THE TAKING OF PELHAM 123

Washington upplifir sína verstu martróð þegar hann þarf að takast á við Travolta höfuðpaur glæpamannanna.

LUXUS

JEREMY PIVEN WILL FERRELL
GOODS

FRÁ ÞEIRRI SÖMU OG FÆRÐU ÞÉTT
TALLADEGA NIGHTS OG STEP BROTHERS
KEMUR BRÁÐKENSHTILGÓÐ SAMANHYGGI

14

MASTERCARD FORSYNING

Rachel McAdams
Eric Bana
The Time Traveler's Wife

12

INGLORIOUS BASTERDS
THE RISE OF QUENTIN TARANTINO

16

KARLAR SEM HATA KONUR

35.000 MANNS!
★★★★★
★★★★★
★★★★★
★★★★★
★★★★★
★★★★★
★★★★★
★★★★★
★★★★★
★★★★★

16

12

12

STELPUÐNAR OKKAR

12

SMÁRRÁÐ BÍÓ Sími 564 0000

HÁSKÓLA BÍÓ Sími 530 1919

INGLORIOUS BASTARD	kl. 8	16	INGLORIOUS BASTARD	kl. 8	16
THE GOODS: LIVE HARD, SELL HARD	kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10	14	THE TIME TRAVELER'S WIFE	kl. 5:30 - 8 - 10:30	12
TAKING OF PELHAM 123	kl. 5:30 - 8 - 10:30	16	STELPUÐNAR OKKAR	kl. 6 - 8	L
TAKING OF PELHAM 123 LUXUS	kl. 5:30 - 8 - 10:30	16	G.I. JOE	kl. 5:30	12
G.I. JOE	kl. 5:30 - 11	12	FUNNY GAMES	kl. 10	18
KARLAR SEM HATA KONUR	kl. 5 - 8 - 11	16	KARLAR SEM HATA KONUR	kl. 6 - 9	16
ÍSÖLD 3 3D ÍSLENSKT TAL	kl. 3:30 D	L			
ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL	kl. 3:30	L			

REGNBÖGINN Sími 551 9000

ÓDÝRT Í BÍÓ! 750 kr.

BORGAR BÍÓ Sími 462 3500

TAKING OF PELHAM 123	kl. 8 - 10:10	16	THE TIME TRAVELER'S WIFE	kl. 5:30 - 8 - 10:30	12
G.I. JOE	kl. 5:45 - 8	12	TAKING OF PELHAM 123	kl. 5:30 - 8 - 10:30	16
KARLAR SEM HATA KONUR	kl. 5:20	16	MY SISTERS KEEPER	kl. 8 - 10:20	12
INGLORIOUS BASTARD	kl. 10	16	CROSSING OVER	kl. 5:30	16
			KARLAR SEM HATA KONUR	kl. 7 - 10	16

NÝTT Í BÍÓ

LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

INGLORIOUS BASTERDS
2 FYRIR Í FORSYNING

VINSÆLASTA MYNDIN Á ÍSLANDI Í DAG

42.000 manns (3.0.09)

SÝND MED ÍSLENSKU TAL

SÝNINGARTÍMAR

INGLORIOUS BASTERDS	kl. 7 - forsýning	16
THE GOODS	kl. 6, 8 og 10	12
THE TAKING OF PELHAM 123	kl. 5:50, 8 og 10:10	16
G.I. JOE: THE RISE OF COBRA	kl. 3:40	12
ÍSÖLD 3 - Ísleensk tal	kl. 3:50	L
ÍSÖLD 3 - 3D - Ísleensk tal	kl. 4	L

FRÁ SAM RAIMI
LEIKSTJÓRA EVIL DEAD OG SPIDER MAN MYNDANNA
SEM ER Í TÖPPORMI Í SINNI BESTU KVIKMYND TIL ÞESSA!

Gagnrýnendur eru á einu máli.
Entertainment Weekly
- 100/100
Los Angeles Times
- 100/100
Wall Street Journal
- 100/100
Washington Post
- 100/100
Film Threat
- 100/100

DRAG ME TO HELL

SANDRA BULLOCK RYAN REYNOLDS
BÓNORÐIÐ
"THE PROPOSAL"
HERE COMES THE BRIBE...

JOHNNY DEPP CHRISTIAN BALE
PUBLIC ENEMIES

JERRY BRUCKHEIMER
G-FORCE

ALFABAKKA

DRAG ME TO HELL	kl. 5:40 - 8 - 10:20	16
DRAG ME TO HELL	kl. 8	VIP
INGLORIOUS BASTERDS	kl. 10:20	16
INGLORIOUS BASTERDS Forsýning	kl. 10:20	VIP
PUBLIC ENEMIES	kl. 5 - 8 - 10:50	16
G-FORCE - 3D M/Ísl. Tali	kl. 4(30) - 6(30)	L
G-FORCE - 3D M/Ísl. Tali	kl. 3:40	L
THE PROPOSAL	kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20	L
HARRY POTTER	kl. 5 - 8	10
HARRY POTTER	kl. 5	VIP
BRUNO	kl. 11	14
THE HANGOVER	kl. 8	12

KRINGLUNNI

DRAG ME TO HELL	kl. 8:20 - 10:30	16
PUBLIC ENEMIES	kl. 8:20 - 11	16
G-FORCE - 3D M/Ísl. Tali	kl. 4(30) - 6(30)	L
G-FORCE - 3D M/Ensk. Tali	kl. 6(30)	L
THE PROPOSAL	kl. 3:40D - 8:20D - 10:40D	L
HARRY POTTER	kl. 5	10

AKUREYRI

DRAG ME TO HELL	kl. 8 - 10	16
THE PROPOSAL	kl. 8	L
PUBLIC ENEMIES	kl. 10	12

SKRÁÐU ÞIG Í FRÍDINDAKLÚBB SAMBÍÓANNA Á
HTTP://FACEBOOK.SAMBIOIN.IS

Söng- og gítarnámskeið TONVINNSLUSKÓLANS haustið 2009

Söngur og framkoma
14 ára og eldri / 1 klst. á viku í 10 vikur.

Söngur og framkoma fyrir börn
Fyrir börn 6 - 12 ára / 1 klst. á viku í 10 vikur.

Söngleikjanámskeið
Unglingar 13 - 15 ára / 1.5 klst. á viku í 10 vikur.

Gítarnámskeið fyrir byrjendur
Fyrir alla aldurshópa / 50 mín. á viku í 12 vikur

Gítarnámskeið fyrir lengra komna
Fyrir alla aldurshópa / 30 mín á viku í 12 vikur - Einkatímar

Skilyrði eru að nemandi hafi lokið "Söngur og framkoma" eða sambærilegu námskeiði. Þetta námskeið er framhald af "Söngur og framkoma" og haldið er áfram þar sem frá var horfið af fyrri námskeiðum. Tvennir tónleikar verða haldnir, upptökur á einu lagi, og 2 einkatímar hjá Margréti Eir.

Kennarar: Margrét Eir, Erna Hrönn og Heiða Ólafsdóttir

Tónvinnskólinn er aðili að fristundakortakerfi Reykjavíkurborgar

Erna Hrönn - Heiða - Margrét Eir

Við bjóðum lengra komnum gítarleikurum upp á einkakennslu þar sem farið er nánar í tækniatriði, hljómfraði og kenndar upphafsliður og þekkt sóló úr lögum flytjenda á borð við Metallica, Led Zeppelin, Nirvana o.fl. Uppbygging gítarsólóa og notkun skála er kennd í bland við skemmtileg gítar-"trix". Farið verður í mismunandi "karakter"-tegundir gítara og gítarmagnara og notkun þeirra í hljóðverum.

Þeir sem hafa verið áður hjá okkur fá kennslu við hæfi miðað við framfarir.

TONVINNSLUSKÓLINN
Sponsored Digidesign School

MEIRIHÁTTAR TILBOÐSDAGAR

ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR



70%

Allt í eldhúsið á frábæru verði

OFNAR • ELDAVÉLAR • HELLUBORÐ • HÁFAR • KAFFIVÉLAR • ÖRBYLGJUOFNAR • KÆLISKÁPAR • UPPÞVOTTAVÉLAR • ÞURRKARAR ofl.

**Smátæki frá Severin
með 10-50% afslætti**



**Severin kæliskápar
á frábæru verði**



**Pottar, pönnur og
eldhúsahöld með
15-70% afslætti**



**Öllum KitchenAid
hrærivélum fylgir
grænmetiskvörn
að verðmæti 15.900**



Nokkur verðdæmi ...

OFN	99.900 kr. Áður 129.900
HELLUBORÐ	109.900 kr. Áður 139.900
UPPÞVOTTAVÉL	99.900 kr. Áður 129.900
UPPÞVOTTAVÉL	109.900 kr. Áður 139.900
ELDHÚSVIFTA	17.900 kr. Áður 22.900

**Ath.
Takmarkað
magn!**



Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

Amana

Bauknecht

Blomberg

De Dietrich

KitchenAid

Saeco

SEVERIN

Silit

> Ná ekki að syngja „Ísland er land þitt“

Íslenska landsliðið þarf ekki að fara í langa rútuferð til þess að komast frá hótelinu niður á keppnisvöllinn í Tampere en völlum er í fimm mínútna göngu-fjarlægð frá hótelinu. Þetta setur ákveðna hefð í hættu því stelpurnar syngja alltaf sama lagið á leið sinni í leikina. „Við erum vanar að syngja Ísland er land þitt á leiðinni í leikina en við vorum að spá í það hvort við næðum því í rúttunni núna. Þá verður við bara að sitja áfram inni í rútu því við verðum að syngja það,“ sagði Katrín Jónsdóttir, fyrirliði íslenska liðsins.



sport
sport@frettabladid.is

LANDSLIÐSKONAN EDDA GARÐARSDÓTTIR: SPÁÐI HREKKJUSVÍNAFARALDRI Í TAMPERE Í PISTLI Á EMSTELPURNAR.IS

Edda segist ekki vera eitt af hrekkjusvínunum

Edda Garðarsdóttir skrifaði skemmtilegan pistil á heimasíðu Knattspyrnusambandsins sem birtist daginn áður en íslenska liðið lagði af stað til Finnlands.

Mesta athygli vakti þó það að Edda boðaði hrekkjusvínafaraldur í Tampere og átti þá við uppþæki íslensku leikmannanna bak við tjöldin.

„Nei, ég er ekki ein af hrekkjusvínunum. Það eru nokkur andlit hérna í hópnum sem eru mjög góð í að koma með svona hugmyndir. Þær eru kannski ekki að klekkja á okkur neitt rosalega oft en þegar það er gert þá er það gert með stæl,“ sagði Edda og hún var tilbúin að nefna nokkra prakkaranna á nafn.

„Það eru nokkrir sprelligosar í liðinu. Katrín Ómarsdóttir er mjög dugleg við að koma stuði í hópinn og svo er Rákel Logadóttir fræg fyrir uppþækinn sín en hún er komin inn í hópinn núna og það verður mjög gaman að sjá hvernig hún tekur upp á. Það verður enginn dauður tími hjá liðinu. Þetta verður mjög gaman,“ segir Edda.



„Þegar maður kemur í þennan hóp þá er þetta svo gaman að maður fær aukaorku í líkamann. Við höfum alltaf komist áfram á baráttunni, leikgleðinni og styrknum. Við verðum bara að nýta okkur það til þess að komast upp úr þessum riðli,“ segir Edda. Edda verður í stóru hlutverki í íslenska liðinu á mótinu en hún segist bara ætla að halda sínum markmiðum fyrir sig.

„Ég reyni bara að gera allt sem Siggi Raggi leggur upp með hundrað prósent og meira til. Ég ætla að gera allt það besta fyrir Ísland,“ segir Edda og hún hræðist ekki mótherjana í riðlinum.

„Ég held að við höfum sannað það á Algarve-mótinu að á góðum degi getum við tekið hvaða lið sem er. Við tókum á móti hvaða andstæðingji sem er, hvar sem er,“ sagði Edda að lokum.

Jón Arnór í miklu stuði með íslenska landsliðinu: Tveir 20 stiga leikir

KÖRFUBOLTI Jón Arnór Stefánsson var allt í öllu í frábærum sigri íslenska landsliðsins á Hollendingum í Smáranum á laugardaginn. Jón Arnór skoraði 23 stig í leiknum og fylgdi þar með eftir flottum leik sínum á móti Dönum á miðvikudaginn þar sem hann skoraði 21 stig.

Jón Arnór hefur nú skorað 44 stig og hitt úr 17 af 33 skotum sínum (51,5 prósent) í fyrstu tveimur Evrópuleikjum haustsins og íslenska liðið hefur unnið þá báða með tólf stiga mun. Jón Arnór er sem stendur sjötti stigahæsti leikmaður B-deildarinnar með 17,3 stig í leik.

Þetta var sögulegur landsleikur fyrir Jón Arnór því þetta var í fyrsta sinn í 48 landsleikjum sem hann nær að skora yfir 20 stig í tveimur landsleikjum í röð. Fyrir þessa tvo leiki hafði Jón Arnór náð fjórum sinnum að brjóta 20 stiga múrinn í 46 landsleikjum en mest hefur hann skorað 28 stig á móti Norðmönnum 27. ágúst 2005. Jón hafði mest skorað 18 stig í næsta leik eftir að hafa brotið 20 stiga múrinn.

Jón Arnór hefur alls leikið 48 landsleiki fyrir Íslands hönd og skorað í þeim 12,4 stig að meðaltali í leik. - óbj

JÓN ARNÓR Er búinn að vera sjóðandi heitur með íslenska landsliðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNPÓR



Hollendingar skotnir í kaf

Karlandslíð Íslands í körfubolta gjörsgraði sterkt lið Hollands, 87-75, í B-deild Evrópukeppninnar á laugardag. Frábær fyrri hálfleikur lagði grunn að sigri.

KÖRFUBOLTI „Þetta var frábært. Þó svo að Hollendingarnir hafi litið mjög illa út í fyrri hálfleiknum þá er þetta mjög góður sigur hjá okkur á heimavelli,“ sagði landsliðsþjálfarinn Sigurður Ingundarson í leikslok eftir frábæran 87-75 sigur Íslands gegn Hollandi í B-deild Evrópukeppninnar í Smáranum á laugardaginn.

Íslendingar byrjuðu leikinn af miklum krafti og tóku hressilega á Hollendingum sem virtust slegnir út af laginu. Íslensku strákarnir virkuðu tilbúnir í baráttuleik og flest virtist ganga upp hjá liðinu framan af leik, bæði varnarlega og sóknarlega. Páll Axel Vilbergsson og Jón Arnór Stefánsson röðuðu niður þristum í fyrsta leikhlutunum og Jón Arnór var kominn með 15 stig þegar leikhlutunum lauk og Ísland leiddi þá með helmings mun, 24-12.

Íslendingar héldu uppteknum hætti í öðrum leikhluta og Jóni Arnóri héldu engin bönd og hann var kominn með 21 stig þegar flautað var til hálfleiks í stöðunni 59-31.

Á pappírnum eru Hollendingar með sterkara lið og eiga til að mynda tvo leikmenn sem verða í NBA-deildinni næsta vetur. Það breytir þó litlu þegar á völinn er komið eins og Íslendingar sýndu í fyrri hálfleiknum.

Íslendingar virkuðu örlítið kaldir í upphafi þriðja leikhluta, fyrstu stigin létu bíða eftir sér og Hollendingar söxuðu smátt og smátt á forskotið enda mátti búast við áhlaupi frá þeim eftir að hafa verið teknir í bakariði í fyrri hálfleiknum. Staðan var orðin 66-55 fyrir loka-leikhlutann og spennan gríðarleg. Það er skemmst frá því að segja að Íslendingar héldu haus í fjórða leikhlutunum og hleyptu Hollendingum aldrei nálægt sér og unnu sem fyrr segir að lokum 87-75.



SIGUR LIÐSHEILDARINNAR Þrátt fyrir að íslenska liðið hafi hitt vel, sérstaklega í fyrri hálfleik, má segja að grunnurinn að sigri liðsins hafi verið lagður í vörninni. Grimmur varnarleikur liðsins í heild var stórkostlegur á að horfa. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNPÓR

Sigurinn var verðskuldaður og sigur liðsheildarinnar hjá íslenska liðinu sem skaust upp að hlið Austurríkis í A-riðli. Næsti leikur Íslands er gegn Svartfjallalandi á miðvikudaginn.

„Það var mjög gaman að sjá kraftinn í strákunum og ég er hæstánægður með vinnuframlag þeirra í leiknum. Við bættum hæðarmuninn upp með mikilli grimmd og skynsamlegum varnarleik með góðum færslum. Við lentum í smá vandræðum í seinni hálfleiknum en náðum okkur svo aftur á strík og leikmennirnir voru það einbeittir að þeir leystu öll vandamál sem upp komu með miklum

sóma. Nú verðum við bara að halda áfram á sömu braut og klára þessa leiki sem eftir eru. Það verður vissulega erfiðara gegn Svartfellingum en Austurríkismönnum en ég hef fulla trú á liðinu,“ segir Sigurður. omar@frettabladid.is

ÍSLAND-HOLLAND 87-75

Stig Íslands: Jón Arnór Stefánsson 23 (5 fráköst), Páll Axel Vilbergsson 18, Logi Gunnarsson 16, Fannar Ólafsson 13 (6 fráköst), Pavel Ermolinskij 7 (10 stoðsendingar, 8 fráköst), Magnús Þór Gunnarsson 3, Helgi Már Magnússon 3, Hörður Axel Vilhjálmsson 2, Sigurður Þorsteinsson 2.

Boltinn er hjá okkur!

**Arsenal
Wigan**

18. - 20. september

Verð á mann í tvíbýli:

79.900 kr.

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, hótalgisting í 2 nætur með morgunverði og miði á leiknum.

**Arsenal
Blackburn**

3.- 5. október

Verð á mann í tvíbýli:

79.900 kr.

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, hótalgisting í 2 nætur með morgunverði og miði á leiknum.

Það verður gott úrval af leikjum í allan vetur hjá Express ferðum



Nánar á expressferdir.is
eða í síma 5 900 100

Express ferðir

Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express



Deep Freeze snöggkælir
vöðva og liði eftir meiðslu.

Chelsea og Tottenham saman á toppnum:

Enn skorar Drogba

FÓTBOLTI Lundúnafélögin Chelsea og Tottenham eru efst og jöfn í ensku úrvalsdeildinni eftir leiki helgarinnar en bæði félögin hafa unnið alla þrjá leiki sína til þessa.

Didier Drogba kom Chelsea yfir gegn Fulham með marki á 39. mínútu eftir góðan undirbúning frá Nicolas Anelka. Þeir félagar skiptu svo um hlutverk í síðari hálfleik þegar Drogba lagði upp mark fyrir Anelka á 76. mínútu og þar við sat.

DROGBA Byrjar keppnistímabilið af miklum krafti. NORDIC PHOTOS/GETTY

„Þeir eru frábærir saman. Þeir eru með mjög ólíka hæfileika og fullkomna hvor annan,“ sagði knattspyrnustjórinn Carlo Ancelotti hjá Chelsea í leiklok.

Carlton Cole kom West Ham yfir á í upphafi síðari hálfleiks í gær en Jermain Defoe náði hins vegar að jafna leikinn fimm mínútum síðar eftir mistök hjá Cole. Aaron Lennon skoraði svo sigurmark Tottenham tíu mínútum fyrir leiklok.

Nýliðar Burnley sýndu að sigur þeirra gegn Englandsmeisturum Manchester United í miðri viku var engin heppni með því að vinna Everton 1-0. Wade Elliot skoraði eina mark leiksins. - óþ



BARRICHELLO Sýndi snilli sína í Valenciu kappakstrinum í gær. NORDIC PHOTOS/AFP

Valenciu-kappaksturinn í F1: Barrichello stal senunni á Spáni

KAPPAKSTUR Brasilfumaðurinn Rubens Barrichello náði að hrifsa sigurinn af heimsmeistarannum Lewis Hamilton á lokasprettið í Valenciu-kappakstrinum í Formúlu 1 á Spáni í gær. Bretinn Hamilton leiddi kappaksturinn nær allan tímann en Barrichello og Brawn-liðið náðu að nýta sér klúður McLaren-liðsins á ögur-stundu. - óþ

STENDUR ÞÚ SKIL Á ÞÍNU?

Samfélagið er svikið um 40 milljarða vegna svartrar atvinnustarfsemi

Talið er að tekjutap hins opinbera vegna skattsvika nemi nálægt 40 milljörðum á hverju einasta ári. Fyrir þá fjárhæð væri til dæmis hægt að standa straum af heildarútgjöldum ríkissjóðs til menntamála í eitt ár eða bjóða upp á ókeypis skólamáltíðir fyrir 40 þúsund grunnskólanemendur í 13 ár.

Hættum að kaupa og selja svarta vinnu!





HITTUST Á VELLINUM Sigurður Ragnar Eyjólfsson og Bruno Bini ræða málin.

MYND/ÓSKARÓ

Bruno Bini, þjálfari Frakka:

Meira með Sigga en konunni

FÓTBOLTI Bruno Bini, þjálfari Frakka, var léttur á blaðamanna-fundi fyrir leikinn í gær. Hann vildi þó lítið ræða um hvað hann óttaðist mest hjá íslenska liðinu og svaraði því aðspurður að hann ætlaði að einblína á að stoppa alla leikmenn liðsins nema kannski þriðja markvörðinn.

„Við erum ekkert að hugsa sérstaklega um íslenska liðið. Ég einbeiti mér bara að því að gera mitt lið tilbúið,“ sagði Bini.

„Það er ekki óskastaða að mæta íslenska liðinu í fyrsta leik þar sem liðin voru saman í undan-keppninni og eru síðan að fara mætast aftur í undankeppni HM. Liðin eru farin að þekkja mjög vel og ég er liggur við farinn að eyða meiri tíma með Sigga þjálfara íslenska liðsins en ég eyði með konunni,“ sagði Bini. - óóó

BYRJUNARLIÐ ÍSLANDS

Markvörður: Þóra Björg Helgadóttir
Hægri bakvörður: Erna B. Sigurðard.
Miðvörður: Katrín Jónsdóttir
Miðvörður: Guðrún S. Gunnarsdóttir
Vinstri bakvörður: Ólína G. Viðarsd.
Varnartengiliður: Edda Garðarsdóttir
Varnartengiliður: Katrín Ómarsdóttir
Sóknartengiliður: Sara B. Gunnarsd.
Hægri kantur: Dóra M. Lárusdóttir
Vinstri kantur: Hólmfríður Magnúsd.
Framherji: Margrét Lára Viðarsdóttir

Við erum stórt lið frá litlu landi

Katrín Jónsdóttir, fyrirlíði íslenska landsliðsins, getur ekki beðið eftir fyrsta leiknum á EM sem verður í kvöld á móti Frökkum. „Við ætlum að ná að hefna fyrir síðasta leik á móti Frökkum,“ segir Katrín.

FÓTBOLTI Stelpurnar okkar leika í kvöld fyrsta leik íslenska knattspyrnulandsliðs á stórmóti, þegar þær mæta góðkunningjum sínum í franska landsliðinu í Tampere. Leikurinn hefst klukkan 17.00 að íslenskum tíma og er í beinni útsendingu í Sjónvarpinu.

Katrín Jónsdóttir, fyrirlíði íslenska liðsins, mun leiða íslenska liðið á þessari sögulegu stundu í íslensku íþróttasögu. Hún og fleiri íslenska liðinu eru ekki búnar að gleyma tapinu í Frakklandi fyrir ári síðan sem sá til þess að íslenska liðið komst ekki beint á EM heldur þurfti að fara í gegnum umspil.

Katrín talaði um það strax eftir leikinn að hún ætlaði að mæta Frökkum aftur á EM og fékk heldur betur ósk sína uppfyllta. „Seinni hálfleikurinn í síðast leik á móti Frökkum situr enn í mér. Mér fannst við betri en þær í þeim hálfleik en við náðum því miður ekki að skora fleiri mörk en þær. Við sýndum þar að við erum ekkert með síðra lið en þær. Auðvitað verður þetta erfitt en á góðum degi tel ég okkur eiga fulla möguleika á sigri,“ segir Katrín. Katrín hefur mikla trú á leikskipulagi íslenska liðsins. „Þetta snýst allt um návigin, halda liðinu þétu og fylgja skipulaginu sem hefur verið sett upp. Það skiptir rosalega miklu máli fyrir okkur að vinna baráttuna út á velli og að við náum að vera agaðar. Við þurfum að ná að fylgja varnarleikum og lágpessunni eftir. Ef allar eru samstilltar í því þá er enginn að fara í gegnum okkur,“ segir Katrín.

Frakkarnir eru með frábært lið sem flestir spekingarnir hér úti spá að keppi við Þýskalandi



STYTTIST Í ALVÖRUNA Íslensku stelpurnar gera sig klárar fyrir mikilvægasta leik sinn á ferlinum gegn Frökkum í dag. Á myndinni fær Dóra María Lárusdóttir aðhlyningu frá sjúkrapjálfa landsliðsins.

MYND/OSSI AHOLA

um sigurinn í riðlinum. „Þegar er komið í svona mót þá eru ekki margir veikleikar hjá andstæðingunum. Sigi hefur talað um að þær séu með eina óskuflytja á hægri kantinum, séu sterkar í föstum leikatriðum og þá eru þær með leikreyndan fyrirlíða sem spilar á miðjunni og er góð að dreifa boltanum og róa spilið.

Þær eru kannski ekki með mikla veikleika en þær eru heldur ekki með marga styrkleika,“ segir Katrín.

Íslenska liðið er nú búið að vera í Finnlandi frá því á föstudaginn og allir kunna vel við sig. „Mér finnst andinn vera léttur, það er smá spennan sem er eðlilegt en mest

hlakka allir til. Flestar í hópnum voru einnig úti í Frakklandi og muna svekkelsið eftir þann leik. Við vitum líka að þetta er fyrsti leikurinn og það er mikilvægt að ná upp góðri spilamennsku upp á framhaldið. Við ætlum að ná að hefna fyrir síðasta leik,“ segir Katrín og hún segir að liðið hafi lært mikið af þeim leik.

„Spennustigið var rosalega hátt og við vorum eiginlega allar of stressaðar. Þá er maður fljótur að losa sig við boltann og við þörðum ekki nógu mikið að halda og spila boltanum. Þegar við vorum orðnar aðeins rólegri þá náðum við að sýna hvað í okkur býr og mér fannst við betri en þær í seinni

hálfleiknum. Ef að við náum að halda spennustiginu réttu frá byrjun þá verður þetta mjög gaman,“ segir Katrín.

„Það er engin pressa á okkur frá öðrum þjóðum og það búast ekki margir við einhverju af okkur. Við vitum hvað við getum og höfum sett pressu á okkur sjálfar. Ég veit að öll íslenska þjóðin fylgist vel með,“ segir Katrín en hún veit vel að mótherjarnir í riðlinum óttast ekki íslenska liðið. „Önnur lið búast ekki við miklu af okkur og það gæti gagnast okkur. Við erum litla liðið samkvæmt öðrum en ekki samkvæmt okkur sjálfum. Við erum stórt lið frá litlu landi,“ segir Katrín. ooj@frettabladid.is

Allir tilbúnir?



Unglinganámskeið 12 vikur

Námskeið hefjast 7. og 8. september

Stúlkur 10-12 ára 3x í viku/Vellir

Stúlkur 13-16 ára 3 x í viku/Vellir

Drengir 12-16 ára 3x í viku/Vellir

Verð kr. 29.990.-

Námskeiðin eru niðurgreidd af Hafnarfjarðarbæ og er aðgangur að sundmiðstöðinni innifalinn.

Pilates Klassik 7 vikur

Námskeið hefjast 1. september

Námskeið kl. 17.15 þri. fim.

og sun. kl. 10.00. Vellir

Verð kr. 23.990.-

Korthafar

Pilates Klassik-kort veitir aðgang að opnum tímum, sundi og tækjasölum.

RopeYoga 7 vikur

Námskeið hefjast 31. ágúst



Tímar kl. 17.30

mán. mið. og fim. Hraun

Verð kr. 23.990.-

Korthafar

Rope Yoga-kort veitir aðgang að opnum tímum, sundi og tækjasölum.

Tilboð 1

Þú kaupir þrjú mánuði og færð fjórða mánuðinn frítt með. Aðeins kr. 22.990.-

Tilboð 2

Árskort á aðeins kr. 41.990.- Verð án afsláttar er kr. 55.990.-

Vinaklúbbur

Verð aðeins kr. 4.590.- binditími 12 mánuðir.

Lokadagur tilboða 31.08.09

Ný stúfull tímatafla tekur gildi þann 31.08.

Skráning og nánari upplýsingar á mottaka@hress.is og í sínum 565 2212 og 565 2712 Aðgangur að opnum tímum, tækjasölum og sundmiðstöðinni fylgir öllum æfingakortum.

HRESS

Dalshrauni 11 og Ásvöllum 2 220 Hafnarfirði
Símar 565 2212 og 565 2712 www.hress.is



BRUGÐIÐ Á LEIK Katrín Ómarsdóttir á hér eitthvað vantalað við Guðnýju Björk Óðinsdóttur á æfingu liðsins í gær.

MYND/OSSI AHOLA

Sigurður Ragnar Eyjólfsson um íslenska liðið á EM:

Ætla sér að gera þjóðina stolta

FÓTBOLTI Sigurður Ragnar Eyjólfsson, landsliðsþjálfari hefur lagt mikið í undirbúninginn fyrir Frakkaleikinn í kvöld.

„Það er mikilvægt fyrir okkur að fá góða byrjun á mótinu. Þetta eru ekki margir leikir og þeir eru á móti sterkum þjóðum. Liðið má ekki misstíga sig mikið ef það ætlar áfram upp úr þessum riðli. Við vitum það og ætlum að leggja allt í sölnurnar en við tökum bara hvern leik fyrir sig og núna erum við bara að hugsa um Frakkaleikinn. Góð byrjun í þeim leik myndi fleyta okkur langt áfram,“ segir Sigurður Ragnar.

„Við erum lægst skrifaða liðið á EM. Það eru ekki margir sem reikna með neinu af okkur í þessu móti. Við höfum trú á okkur og það er það sem skiptir mestu máli. Við ætlum að spila þannig að þjóðin verði stolt af okkur og við stefnum klárlega áfram í keppninni,“ segir Sigurður Ragnar, en það hefðu flestir viljað sleppa við það að mæta Þýskalandi, Frakklandi og Norvegi, þremur sterkum knattspyrnuþjóðum með gríðarlega mikla hefð.

„Þetta er dauðariðillinn á pappírnum en svo veit maður aldrei þegar er komið út á völlinn,“ segir Sigurður Ragnar.

Hann hefur miðað undirbúning fyrir móti við að liðið hefur verið að spila sína leiki á móti mjög sterkum þjóðum.

„Við höfum verið inni í öllum þessum sjö leikjum og sumir þeirra hafa verið á móti bestu þjóðum heims. Þessir leikir gefa okkur sjálfstraust og hjálpa okkur í undirbúningnum. Síðan erum við með fjölmarga atvinnumenn sem hafa verið hálf ár í atvinnumennsku og vonandi hjálpar það okkur líka. Við erum mjög vel á vegi stöð með liðið okkar sem er líka frekar ungt þannig að það er framtíð í þessu liði líka,“ segir Sigurður Ragnar en hann viðurkennir að þetta gæti líka verið keppni lífsins hjá þessum leikmönnum.

„Þetta er mikil reynsla fyrir liðið því vonandi förum við á fleiri stórmót í framtíðinni. Það gæti alveg orðið þannig að Ísland komist ekki aftur á stórmót í hundrað ár en vonandi er þetta komið til að vera.“ - óóó



FRÍSKIR GRINDVÍKINGAR Leikmenn Grindavíkur höfðu ærna ástæðu til þess að fagna á Kaplakrikavelli um helgina.

FRÉTTAHLAÐIÐ/DANIEL

Heil umferð fór fram í Pepsi-deild karla í fótbolta um helgina:

FH-ingar steinlágu í Krikanum

FÓTBOLTI Íslandsmeistarar FH áttu tölfraðilegan möguleika á að hampa titlinum um helgina þegar 18. umferð Pepsi-deildar karla fór fram en það var langur vegur frá því að það væri að veruleika.

Grindvíkingar gerðu sér lítið fyrir og unnu 0-3 sigur gegn FH-ingum í krikanum og engin merki þess að Suðurnesjaliðið hafi farið illa út úr svínafleynsunni á síðustu vikum.

„Við ákváðum á fundi fyrir leikinn að ræða ekkert um þessi veikindi. Þau eru bara að baki núna er bara bein leið áfram,“ sagði varnarmaðurinn Óli Stefán Flóventsson hjá Grindavík í leiklok.

KR og Fylkir eygja enn von á því

að ná FH að stigum en KR-ingar gerðu góða ferð til Keflavíkur og hirtu stigin þrjú eftir 1-2 sigur. Logi Ólafsson þjálfari KR telur þó að liðið eigi litla möguleika á að ná Hafnarfjarðliðinu.

„Ég held að FH glutri þessu ekki niður en við erum í hatrammri baráttu um annað sætið,“ sagði Logi en KR er jafnt Fylki að stigum eftir að Fylkismenn gerðu 2-2 jafntefli við Fjölni í Árbænum. Ólafur Þórðarson þjálfari Fylkis var ekki kátur með sína menn í leiklok.

„Það er alger aulaskapur að vera 2-1 yfir þegar þrjár mínútur eru eftir og geta ekki hangið á því,“ sagði Ólafur.

Framarar unnu ótrúlegan 3-2 sigur gegn Stjörnunni eftir að hafa lent tvisvar sinnum undir í leiknum og hafa verið stigandi í leik sínum á síðustu vikum. Sama er ekki hægt að segja um erkifjendur þeirra í Val því Valsmenn töpuðu 0-3 gegn Breiðabliki að Hlíðarenda og hafa tapað þremur af síðustu fjórum leikjum sínum í deildinni.

Staða Eyjamanna í botnbaráttunni vænkaðist mjög eftir 1-0 sigur gegn Þrótturum í hávaðaroki á Hásteinsvelli í gær en ÍBV er nú í tunda sæti, sjö stigum á undan Fjölni og níu stigum á undan Þrótti og á tvo leiki til góða á bæði lið.

- óþ

ÚRSLIT

Pepsi-deild karla

ÍBV-Þróttur	1-0
1-0 Augustine Nsumba (18.).	
FH-Grindavík	0-3
0-1 Scott Ramsay (5.), 0-2 Gilles Mbang Ondo (25.), 0-3 Jóhann Helgason (82.). Rautt spjald: Tor Erik Moen, Grindavík (85.).	
Fylkir-Fjölnir	2-2
1-0 Albert Brynjar Ingason (19.), 1-1 sjálfsm.(62.), 2-1 Einar Pétursson (84.), 2-2 Illugi Gunnarsson (90.). Rautt spjald: Ingimundur Niels Óskarsson, Fylki (77.).	
Fram-Stjarnan	3-2
0-1 Magnús Björgvinsson (27.), 1-1 Guðmundur Magnússon (58.), 1-2 Jóhann Laxdal (42.), 2-2 Hjalmar Þórarinnsson (46.), 3-2 Jón Guðni Fjóluson (82.).	
Keflavík-KR	1-2
1-0 Guðmundur Steinarsson (45.), 1-1 Gunnar Örn Jónsson (57.), 1-2 Björgólfur Takefusa (60.).	
Valur-Breiðablik	0-3
0-1 Guðmundur Kristjánsson (8.), 0-2 Guðmundur Pétursson (10.), 0-3 Guðmundur Pétursson (27.).	

STAÐAN Í DEILDINN

1. FH	18	14	1	3	49-20	43
2. KR	17	10	3	4	38-25	33
3. Fylkir	18	10	3	5	32-21	33
4. Fram	17	7	4	6	29-23	25
5. Breiðablik	18	7	4	7	30-30	25
6. Keflavík	18	6	7	5	26-31	25
7. Stjarnan	18	7	3	8	37-30	24
8. Valur	18	7	2	9	20-32	23
9. Grindavík	16	6	3	7	27-29	21
10. ÍBV	16	6	2	8	19-26	20
11. Fjölnir	18	3	4	11	22-38	13
12. Þróttur	18	3	2	13	20-44	11

*Frekari umfjöllun um pepsi-deildina með tölfraði og viðtölum má finna á Visi.is.

Enska úrvalsdeildin

Arsenal-Portsmouth	4-1
1-0 Abou Diaby (18.), 2-0 Diaby (21.), 2-1 Younes Kaboul (37.), 3-1 William Gallas (51.), 4-1 Aaron Ramsey (68.).	
*Hermann Hreiðars. var ekki í hópi Portsmouth.	
Birmingham-Stoke	0-0
Hull-Bolton	1-0
1-0 Kamel Ghilas (61.).	
*Gréttar Rafn Steins. sat á bekknum hjá Bolton.	
Manchester City-Wolves	1-0
1-0 Emmanuel Adebayor (17.).	
Sunderland-Blackburn	2-1
0-1 Gael Givet (21.), 1-1 Kenwyne Jones (32.), 2-1 Jones (53.).	
Wigan-Manchester United	0-5
0-1 Wayne Rooney (56.), 0-2 Dimitar Berbatov (58.), 0-3 Rooney (65.), 0-4 Michael Owen (85.), 0-5 Nani (90.).	
West Ham-Tottenham	1-2
1-0 Carlton Cole (49.), 1-1 Jermain Defoe (54.), 1-2 Aaron Lennon (79.).	
Burnley-Everton	1-0
1-0 Wade Elliot (34.).	
Fulham-Chelsea	0-2
0-1 Didier Drogba (39.), 0-2 Nicolas Anelka (76.).	

Ítalska úrvalsdeildin

Inter-Bari	1-1
1-0 Samuel Eto'o (55.), 1-1 Vitali Kutuzov (73.).	
Genoa-Roma	3-2
1-0 Domenico Cristicito (49.), 1-1 Rodrigo Taddei (54.), 1-2 Francesco Totti (64.), 2-2 Alberto Arjol (69.), 3-2 Giuseppe Biava (83.).	
Juventus-Chievo	1-0
1-0 Vincenzo Laquinta (11.).	
Lazio-Atalanta	1-0
1-0 Tommaso Rocchi (22.).	
Palermo-Napoli	2-1
1-0 Edinson Cavani (45.), 1-1 Marek Hamsik (73.), 2-1 Fabrizio Miccoli (75.).	
Udinese-Parma	2-2
0-1 Alberto Paloschi (43.), 1-1 Antonio Di Natale (45.), 1-2 Alessandro Lucarelli (49.), 2-2 Antonio Di Natale (90.).	

Supercopa á Spáni

Barcelona-Athletic Bilbao	3-0
1-0 Lionel Messi (50.), 2-0 Lionel Messi (68.), 3-0 Bojan Krkic (72.).	
*Barcelona vann samanlagt 5-1	

Bragðgóðir...

... með kexinu

... á þítsuna

... í salatið

... í sósuna

... í súpuna

... í ostapinnana

... í köldu sósuna

... í pastaréttina

... í sælkeraréttina

ostur.is

> Gordon Ramsey

„Vandamálið við Kana er að þeir eru vælukjóar.“

Gordon Ramsey er stjórnandi þáttarins *Kitchen Nightmares* sem sýndur er á Skjáeinum kl. 19.20



dagskrá




VIÐ TÆKIÐ VÍÐIR SMÁRI PETERSEN HELDUR ÁFRAM AÐ SKORA Á RÍKISSJÓNVARPIÐ

Vil fá að sjá gömlu teiknimyndirnar

Prátt fyrir tilgangsleysi ríkisstofnunar á borð við Ríkissjónvarpið, sem vogar sér að innheimta fé án tillits til samþykkis, þykir mér ágætlega vænt um stöðina. Ástæðan gæti mögulega verið að ég hafi ekkert annað val í æsku, enginn SkjárEinn og glöppótt áskrift fjölskyldunnar að Stöð 2. Þess vegna hef ég tileinkað RÚV undanfarna sjónvarpspistla mína í þeirri veiku von að stofnunin taki eitthvert mark á mér, þó sá síðasti um döbbað hafi verið grín. Las ég yfir sjónvarpsdagskrána í gær í tilefni af því að komið var að vikulegum sjónvarpspistli mínum og hjó strax eftir því hvað dagskrá barnatímans var leiðinleg hjá Ríkissjónvarpinu. Kannaðist ég ekki við helminginn af teiknimyndunum en var þó feginn að Pósturinn Páll og Bangsímón eru enn til staðar. Þar að auki hefur

RÚV hafið að sýna Einu sinni var, sem voru mínar uppáhaldsteiknimyndir þegar ég var barn, um miðjan 10. áratug síðustu aldar. Flestar hinna teiknimyndanna hafa undarleg nöfn á borð við „Geirharður Bojng Bojng“ og „Gló magn-áða“. Aðeins nöfnin lofa ekki góðu.

Því skora ég á RÚV að sýna gömlu, góðu teiknimyndirnar sem börn nútímans eru að missa af. Ef ekki fyrir þær sakir þá fyrir nostalgíu ungmenna um tvítugt. Þar bæri helst að nefna Lísu í Undralandi, Mozart-sveitina, Arthúr konung og riddara réttlætisins, Essin þrjú, Dagbókina hans Dodda (sem hét Dúi þegar Stöð 2 keypti þættina), Turtles og Sögur úr Andabæ. Ekki má gleyma Múminálfunum, sem ekki aðeins höfðu skemmtanagildi heldur lærði maður svo margt af Múminpabbanum.



MÁNUDAGUR



▶ 18.50 Liverpool - Aston Villa - beint STÖÐ 2 SPORT 2



▶ 19:20 Kitchen Nightmares SKJÁREINN



▶ 19.45 Two and a Half Men STÖÐ 2



▶ 21.15 Glæpahneigð SJÓNVARPIÐ



▶ 21.40 Back To You STÖÐ 2 EXTRA

SJÓNVARPIÐ

- 13.30 Út og suður (e)
- 14.00 EM kvenna í fótbolta Bein útsending frá leik Þjóðverja og Norðmanna á Evrópumóti landsliða sem fram fer í Finnlandi.
- 16.05 Tákn málsfréttir
- 16.15 EM-stofan
- 17.00 EM kvenna í fótbolta Bein útsending frá leik Íslendinga og Frakka á Evrópumóti landsliða sem fram fer í Finnlandi.
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veðurfréttir
- 19.35 Kastljós
- 20.20 Breska konungsfjölskyldan (5:6) (Monarchy - The Royal Family at Work) Heimildamyndaflokkur um bresku konungsfjölskylduna og opinber störf hennar.
- ▶ 21.15 Glæpahneigð (49:65) (Criminal Minds) Bandarísk þáttaröð um sérsvéit lögreglumanna sem hefur þann starfa að rýna í persónuleika hættulegra glæpamanna til þess að reyna að sjá fyrir og koma í veg fyrir frekari illvirki þeirra.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veðurfréttir
- 22.20 EM-kvöld Fjallað um leiki dagsins á EM kvenna sem fram fer í Finnlandi.
- 22.50 Íslenski boltinn Sýnd verða mörkin úr síðustu leikjum á Íslandsmótinu í fótbolta.
- 23.35 Fé og freistingar (14:23) (Dirty Sexy Money 2) (e)
- 00.20 Kastljós (e)
- 01.00 Dagskrárlök

BÍÓ

- 08.00 No Reservations
- 10.00 Beethoven's 2nd
- 12.00 Oprah Winfrey Presents. Mitch Albom's For One More Day
- 14.00 School for Scoundrels
- 16.00 No Reservations
- 18.00 Beethoven's 2nd
- 20.00 Oprah Winfrey Presents: Mitch Albom's For One More Day
- 22.00 Primer
- 00.00 Sin City
- 02.00 Krámpack
- 04.00 Primer
- 06.00 Rent

STÖÐ 2

- 07.00 Barnaefni: Áfram Diego, áfram!, Kalli litli Kanína og vinir, Ævintýri Juniper Lee
- 08.15 Oprah
- 08.55 Í finu formi
- 09.10 Bold and the Beautiful
- 09.30 Doctors (4:25)
- 10.00 Doctors (5:25)
- 10.30 Eldsnögg með Jóa Fel (7:10)
- 11.05 60 mínútur
- 11.50 Wildfire (8:13) Önnur þáttaröðin um vandræðastúlkuna Kris sem send er nauðug í sveit.
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 You, Me and Dupree Rómantísk gamanmynd með Owen Wilson, Kate Hudson og Matt Dillon í aðalhlutverkum.
- 15.10 ET Weekend
- 15.55 Barnaefni: Njósnaarskólinn, Galdra-stelpurnar, Ævintýri Juniper Lee
- 17.08 Bold and the Beautiful
- 17.33 Nágrannar
- 17.58 Friends (16:24) Joey ræður ekki við sig lengur og jatar tilfinningar sínar í garð Rachel fyrir Ross.
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.11 Veður
- 19.20 The Simpsons
- ▶ 19.45 Two and a Half Men (7:24)
- 20.10 So You Think You Can Dance (20:23) Aldrei fyrr hafa jafn margir hæfileikaríkir dansarar skrúð sig. Þessari miklu þátttöku fylgir óhjákvæmilega að þátttakendur hafa aldrei verið skrautlegri.
- 21.35 So You Think You Can Dance (21:23)
- 22.25 The Best Years (8:13)
- 23.10 John From Cincinnati (1:10) Fersk og áhugaverð þáttaröð frá HBO. Yost-fjölskyldan er ein þeirra sem lifir fyrir stærstu og svakalegustu öldurnar. En þessi fjölskylda hefur í raun verið í öldudal um langa hríð þótt enginn vilji horfast í augu við það. Það á eftir að breytast þegar tvær manneskjur koma óvænt inn í líf þeirra.
- 01.45 Bones (24:26)
- 02.30 You, Me and Dupree
- 04.15 The Best Years (8:13)
- 05.00 The Simpsons
- 05.25 Fréttir og Ísland í dag

SPORT

besta sætið

- 07.00 Pepsi deildin 2009 Útsending frá leik í Pepsi-deild karla.
- 17.10 Pepsi deildin 2009 Útsending frá leik í Pepsi-deild karla.
- 19.00 Pepsímörkin 2009 Magnaður þáttur þar sem Magnús Gylfason og Tómas Ingi Tómasson fara yfir alla leiki umferðinnar ásamt íþróttafrettamönnum Stöðvar 2 Sport.
- 20.00 Barcelona - Atl. Bilbao Útsending frá leik Barcelona og Atl. Bilbao í Supercopa.
- 21.40 Eiður Smári Guðjohnsen Sjöundi þátturinn af tíu í þessari mögnuðu þáttaröð um tíu bestu knattspyrnumenn Íslands-sögunnar. Í þessum þætti verður Eiður Smári Guðjohnsen tekinn fyrir og hans mögnuðu afrek skoðuð.
- 22.25 F1: Við endamarkið Keppni helgarinnar krufin til mergjar. Gunnlaugur Rögnvaldsson og sérfræðingar skoða keppnina gaumgæfilega og leiða áhorfendur í gegnum allan sannleikann.
- 22.55 Meistaradeild Evrópu. Panathinaikos - Atl. Madrid Útsending frá leik í 3. umferð Meistaradeildar Evrópu.

SPORT 2

enski boltinn

- 07.00 Enska úrvalsdeildin: Fulham - Chelsea Útsending frá leik Fulham og Chelsea í ensku úrvalsdeildinni.
- 16.05 Enska úrvalsdeildin: Man. City - Wolves Útsending frá leik Man. City og Wolves í ensku úrvalsdeildinni.
- 17.45 Premier League Review 2009/10 Rennit yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni og allt það helsta úr leikjunum skoðað gaumgæfilega.
- ▶ 18.50 Enska úrvalsdeildin: Liverpool - Aston Villa Bein útsending frá leik Liverpool og Aston Villa í ensku úrvalsdeildinni.
- 21.00 Premier League Review 2009/10 Rennit yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni og allt það helsta úr leikjunum skoðað gaumgæfilega.
- 22.00 Coca Cola-mörkin 2009/2010 Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrífir á einum stað.
- 22.30 Enska úrvalsdeildin: Liverpool - Aston Villa Útsending frá leik Liverpool og Aston Villa í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Rachael Ray (e)
- 08.45 Pepsi MAX tónlist
- 16.50 Monitor (6:8) (e)
- 17.20 Rachael Ray Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
- 18.05 America's Funniest Home Videos (16:48) (e)
- 18.30 Robin Hood (10:13) (e).
- ▶ 19.20 Kitchen Nightmares (1:13)
- 21.00 Bachelorette (7:12)
- 22.30 Home James (8:10) Skemmtileg þáttaröð um fyrirtæki í Los Angeles sem býður óvenjulega þjónustu. Þegar fólk er búið að fá sér í glas og er ekki í ástandi til að keyra heim, getur það hringt í Home James sem sendir einkabílstjóra á staðinn á lítilli vespu. Einkabílstjóramir eru skrautlegir og farþegarnir ennþá skrautlegri, hvort sem það eru rokkestjórnar, leikarar, leikstjórnar eða fólk sem er með stóra draumu um að slá í gegn.
- 23.00 Murder (8:10) Bandarísk raunveruleikasæra þar sem venjulegt fólk glímir við raunverulegar morðgátur. Glæpimur hafa verið sviðsettir af mikilli nákvæmni og hvert smáatriði skiptir máli. Sex þátttakendum er skipt í tvö lið sem rannsaka vettvang glæpsins, fá aðgang að lögregluskýrslum og niðurstöðum krufningar.
- 23.50 Penn & Teller: Bullshit (45:59) Skemmtilegur þáttur þar sem háðfuglarnir Penn & Teller leita sannleikans. Takmark þeirra er að afhjúpa svikahrappa og lyglaupa með öllum tiltækum ráðum.
- 00.20 The Dead Zone (10:13) (e)
- 01.10 CSI: Miami (20:21) (e)
- 02.00 Pepsi MAX tónlist



20.00 Eldum íslenskt

20.30 Frumkvöðlar Í umsjón Elinóru Ingu Sigurðardóttur.

21.00 7 leiðir með Gaua litla Guðjón Sigmundsson, Sigurbjörg Jónsdóttir og Viðar Garðarsson hafa umsjón með þættinum.

21.30 Í nærveru sálar Umsjón hefur Kolbrún Baldursdóttir sálfræðingur.

Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.



Dagskrá allan sólarhringinn.

ALLAR FASTEIGNIR SEM ERU TIL SÖLU Á ÍSLANDI!

DRAUMAEIGNINA ÞÍNA FINNUR ÞÚ Á VÍSIR.IS

YFIR 16.000 EIGNIR Á SKRÁ

Í KVÖLD



STÖÐ 2 KL. 20.10

So You Think You Can Dance

Sex dansarar standa eftir í stærstu danskeppni heims, og því aðeins tvær vikur í úrslitin. Ný pör dansa tvo dansa ásamt því að allir keppendur dansa sólódans. Í lok kvöldsins verða tveir dansarar að halda heim. Ótrúleg tilþrif, dramátísk dansatriði, magnaðir dansarar og kolruglaðir dómarmar í kvöld í So You Think You Can Dance.

VIÐ MÆLUM MED

Breska konungsfjölskyldan Sjónvarpið kl. 20.20

Heimildarmyndaflokkur í sex þáttum um frægustu fjölskyldu heimsins og opinber störf hennar heima og erlendis. Elísabetu drottningu er meðal annars fylgt í opinberar heim-sóknir og almennt leitast við að svara spurningunni um hvað kóngafólkið gerir og hvernig er að upplifa allt tilstandið frá sjónarhóli starfsfólksins.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.38 Morgunfrúin	15.25 Fólk og fræði
06.50 Bæn	16.00 Síðdegisfréttir
07.03 Morgunfrúin - heldur áfram	16.13 Hlaupanótan
07.30 Fréttayfirlit	17.03 Viðsjá
08.11 Morgunfundur með KK	18.00 Kvöldfréttir
08.30 Fréttayfirlit	18.16 Spegillinn
09.05 Okkar á milli	19.00 Endurómur úr Evrópu
09.45 Morgunleikfimi	20.00 Leynifélagið
10.13 Stefnumót	20.30 Kvika
11.03 Samfélagið í nærmynd	21.10 Framtíð lýðræðis
12.02 Hádegisútvarp	22.12 Orð kvöldsins
12.20 Hádegisfréttir	22.15 Kvöldsagan: Syndin er lævis og lipur
13.00 Vít og breitt	22.45 Bláur nótur í bland
14.03 „Þar sem Haydn er, gerist ekkert illt“	23.20 Lostafulli lístræninginn
15.03 Útvarpsagan: Nafnabókin	00.07 Næturtonar

FM 88,5	XA-Radíó	FM 90,9	Gullbylgjan	FM 93,5	Rás 1
FM 95,7	FM957	FM 96,3	FM Suðurland	FM 96,7	Létt Bylgjan
FM 97,7	X-ið	FM 98,9	Bylgjan	FM 99,4	Útvarp Saga
FM 90,1	Rás 2	FM 102,2	Útvarp Latibær	FM 102,9	Lindin
FM 105,5	Útvarp Boðun				

EXTRA

16.45 Hollyoaks (260:260)

17.15 Doctors (1:25)

17.40 E.R. (4:22) Stöð 2 og Stöð 2 Extra sýna eina allra vinsælustu þáttaröð síðari ára frá upphafi. Þættirnir gerast á bráðamót-töku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur.

18.25 Seinfeld (18:22)

18.45 Hollyoaks (260:260)

19.15 Doctors (1:25)

19.40 E.R. (4:22)

20.25 Seinfeld (18:22)

21.00 Fréttir Stöðvar 2

21.20 Ísland í dag

▶ 21.40 Back To You (3:17)

22.05 Monk (9:16) Einkaspæjarinn og sérvitringurinn Adrien Monk er mættur í þessari sjöundu og bestu þáttaröð til þessa og heldur uppteknum hætti við að aðstoða lögregluna við lausn allra undarlegustu sakamála.

22.50 Numbers (6:23) Þættirnir fjalla um tvo ólíka bræður sem sameina krafta sína við rannsókn flókinna sakamála.

23.35 Lie to Me (10:13)

00.20 The 4400 (3:13)

01.05 Sjáðu

01.30 Fréttir Stöðvar 2

02.30 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BBC entertainment

10.05 Only Fools and Horses 10.55 Only Fools and Horses 11.45 Absolutely Fabulous 12.15 Absolutely Fabulous 12.45 Only Fools and Horses 13.35 The Weakest Link 14.20 The Weakest Link 15.05 Only Fools and Horses 15.55 Only Fools and Horses 16.45 EastEnders 17.15 The Weakest Link 18.00 My Hero 18.30 Extras 19.00 Coupling 19.30 Blackadder the Third 20.00 Torchwood 20.50 Coupling 21.20 Blackadder the Third 21.50 EastEnders 22.20 The Weakest Link 23.05 Torchwood 23.55 Coupling

DR 1

10.00 DR Update - nyheder og vejr 10.10 Historien om Norges polarområder 11.05 Aftenshowet 11.35 OBS 11.40 Zanzibar - drømmen om paradiset 12.00 Det lille hus på prærien 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.00 DR Update - nyheder og vejr 13.10 Boogie Mix 14.00 Skråplan 14.30 Braceface 14.55 Den lyserøde panter 15.00 Troldspejlet 15.15 Robotboy 15.30 Pippi Langstrømpe 16.00 Aftenshowet 16.30 TV Avisen med Sport 17.00 Aftenshowet med Vejret 17.30 Gør det selv 18.00 Verdens værste naturkatastrofer 19.00 TV Avisen 19.25 Horisont 19.50 SportNyt 20.00 Et felthospital i Bagdad 21.05 Bag tremmer 21.55 OBS 22.00 Eureka 22.40 Seinfeld

NRK1

10.00 NRK nyheter 10.10 Med hjertet på rette staden 11.00 NRK nyheter 11.05 Par i hjertet 11.55 Mine dager 12.00 NRK nyheter 12.05 Program ikke fastsatt 12.30 Andre avenyen 13.00 NRK nyheter 13.10 Sjukhuset i Aidsenfield 14.00 NRK nyheter 14.10 Dynastiet 15.00 NRK nyheter 15.10 Oddasat - nyheter på samisk 15.25 Tid for tegn 15.40 Mánáid-tv - Samisk barn-tv 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Smá Einsteins 16.25 Vennene på Solflekken 16.40 Distriktsnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Puls 17.55 Velg! 09 18.50 Distriktsnyheter 19.00 Dagsrevyen 21 19.30 The Street 20.30 Donna Bacalão - historien om en opera 21.00 Kveldsnytt 21.15 Derrick 22.15 Kjærlighetens sommer 23.10 Kulturnytt 23.20 Sport Jukeboks

SVT 1

10.05 Sportspegeln 10.35 Solens mat 12.25 Lågor i dunklet 14.00 Rapport 14.05 Gomorron Sverige 14.55 Systrarna mot strömmen 15.25 Att vara adoptivbarn 15.55 Sportnytt 16.00 Rapport med A-ekonomi 16.10 Regionala nyheter 16.15 Min älskade, tokiga mamma 16.40 Klokast i klassen 16.55 Anslagstavlan 17.00 Kulturmytterna 17.15 Regionala nyheter 17.30 Rapport med A-ekonomi 18.00 Himmelmblå 18.45 Avdragsfilla Kanin 19.00 En brusande färd 20.00 Necrobusiness 20.45 Kulturmytterna 21.00 Puls på Sverige 22.00 Jag älskar mig! 23.00 Sändningar från SVT24



Átak og árangur

Ný 7 vikna námskeið í Hress hefjast 31. ágúst og 1. sept.

Innifalið í átaksnámskeiði:

Árangur, hreysti, þol, styrkur, vellíðan, fræðsla, vigtun og mælingar í skemmtilegum félagskap. Ótakmarkaður aðgangur að öllum opnum tímum, tækjasölum og sundmiðstöð.


Fullt af nýjungum hjá Hress

- Hot Yoga • X-fit • Bollywood/salsa,
- BodyVive • Yogafleðinámskeið ofl.

Opið hús á Ásvöllum og í Dalshrauni
29.08 frá kl. 9.00 - 15.00

Nýtt Hjól og stöðvar

Námskeið fyrir konur og karla.
Hámarks brennsla með styrkjandi æfingum.
Námskeið kl. 6.05 og 18.30. Þrjár vikur í viku. 7 vikna námskeið.



7 vikna konu átak

Kl. 6.05 3 x í viku

Kl. 9.15 3 x í viku

Kl. 17.30 3 x í viku

Verð kr. 23.990.-
Korthafar kr. 11.990.-

7 vikna karla átak

Kl. 18.30 3 x í viku

Verð kr. 23.990.-
Korthafar kr. 11.990.-

HRESS

Dalshrauni 11 og Ásvöllum 2
220 Hafnarfjörður
hress@hress.is www.hress.is

Skráning og nánari upplýsingar í sínum 565 2212 og 565 2712
Aðgangur að sundmiðstöðinni fylgir öllum æfingakortum.



HVAÐ SEGIR MAMMA?

„Gaman fyrir hann að fá útrás í þessu sem hann langaði til, þetta er ákveðin reynsla líka.“



Hann hefur sýnt þessu áhuga frá því að hann var krakki. Grímurnar og trúðurinn komu seinna þegar hann fór að vera í leikhúsunum í Reykjavík og vildi skoða eitthvað meira.“

Dorothea Emilsdóttir leikskólakennari um trúðslæti sonar síns, Benedikts Karls Gröndal, en hann lauk nýlega námi í The Commedia School í Danmörku.

Sömdu tékkneskt þjóðlag fyrir bjórauglýsingu

Tónlistarmaðurinn Þórhallur Skúlason, gítarleikarinn Kristinn Árnason og fiðulleikarinn Hjörleifur Valsson sömdu í sameiningu lag fyrir tékkneska bjórframleiðandann Baltika. Lagið var samið fyrir auglýsingu á björttegundinni Zatecky GUS og verður hún sýnd í Tékklandi og Rússlandi næstu tvö árin. „Ég fékk verkefnið í gegnum framleiðslufyrirtæki í Moskvu sem ég hef unnið fyrir áður. Ég var beðinn um að semja tékkneskt þjóðlag fyrir auglýsingu, sem er eiginlega út í hött, að rússneskt fyrirtæki biðji Íslending um að semja tékkneskt þjóðlag. En ég náði að koma þessu í gegn með aðstoð Kídda Árna og Hjörleifs, sem stundaði einmitt fiðlunám í Prag og var því besti maðurinn í verkefnið,“ segir Þórhallur. Að sögn Þórhalls var tónlistin unnin að mestu í gegnum netið þar sem Hjörleifur

var staddur úti á landi á þeim tíma. „Hjörleifur var í frí á Húsavík en samþykkti þó að vinna verkeið með okkur. Hann fór og fann stað á Húsavík þar sem hann gat tekið upp fiðluleikinn sem hann svo sendi mér í gegnum tölvuna og svona gekk þetta á milli okkar þar til verkinu var lokið,“ segir Þórhallur sem er ánægður með útkomuna. „Auglýsingin er fín, kannski svolítið sveit. Ég vil þó koma fram þeirri ósk minni að Vínbúðin taki nú upp á því að flytja inn Zatecky GUS-bjórinn fyrir mig til að smakka.“ Áhugasamir geta skoðað umrædda auglýsingu á vefsíðunni www.youtube.com undir heitinu Zatecky GUS. - sm



GOÐ SAMVINNA Þórhallur, Kristinn og Hjörleifur unnu verkeið að mestu í gegnum tölvupósta sín á milli. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT
2. gleðimerki, 6. frá, 8. þróttur, 9. nögl, 11. voði, 12. glæsibíll, 14. gleði, 16. í röð, 17. af, 18. drulla, 20. gangflötur, 21. könnun.

LÓÐRÉTT
1. hyski, 3. guð, 4. stormur, 5. slagbrandur, 7. hraðstreymi, 10. skelfing, 13. gifti, 15. mylsna, 16. þunnur vökví, 19. holskrúfa.

LAUSN
LÁRÉTT: 2. brosi, 6. af, 8. afl, 9. kló, 11. vá, 12. kaggi, 14. unaðs, 16. lm, 17. frá, 18. aur, 20. il, 21. próf.

LÓÐRÉTT: 1. pakk, 3. ra, 4. ofviðri, 5. slá, 7. flaumur, 10. ógn, 13. gaf, 15. sáld, 16. lap, 19. ró.

VEISTU SVARIÐ

- 1 Hænsnaleður.
- 2 Tólf og hálfur milljarður króna.
- 3 Vilhjálm Vilhjálmsson lögmann.

Gefðu vatn

Hjálparstarf kirkjunnar
www.heljui.is

RAGNHILDUR ZOËGA: HEFUR FYLGST LENGI MEÐ SIGRÍÐI THORLACIUS

Framleiddi plötu í tilefni stórafmælis foreldra sinna

„Ég er búin að fylgjast með Sigríði Thorlacius í nokkur ár og langaði að gera eitthvað skemmtilegt með henni,“ segir Ragnhildur Zoëga, verkefnastjóri Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins. Hún gerði sér lítið fyrir og fékk Sigríði, söngkonu Hjaltalíns, og hljómsveitina Heiðurspíla til að taka upp plötu með lögum Jóns Múla Árnasonar í tilefni stórafmælis foreldra sinna, Sigríðar og Geirs Zoëga. Tveir af meðlimum Heiðurspíla eru þeir Sigurður Guðmundsson úr Hjálmmum og Guðmundur Óskar Guðmundsson úr Hjaltalín og því ljóst að engir aukvarir eru þar á ferðinni. „Pabbi er mikill djassgeggjari og er hrifinn af Jóni Múla. Því vaknaði hugmyndin að gera eitthvað skemmtilegt með þeim,“ segir Ragnhildur, sem þekkir Sigríði í gegnum dóttur sína. Einnig hefur hún fengið Sigríði til að syngja fyrir erlenda gesti á ráðstefnum sem tengjast starfi hennar. Foreldrar Ragnhildar fengu fyrstu eintökin af plötunni afhent á áttatréðisafmæli pabba hennar síðastliðinn fimmtudag og að sjálf-sögðu tóku Sigríður og Heiðurspiltarnir lagið við góðar undirtektir. Foreldrarnir, sem höfðu ekki hugmynd um verkefnið, voru himinlifandi. Sömuleiðis þótti þeim gaman að sjá gamlar partímyndir af sjálfum sér frá sjötta áratugnum framan á plötunni. „Ég var svolítið smeyk um að þau yrðu ekki glöð en svo var þetta bara mjög skemmtilegt,“ segir Ragnhildur. Platan sjálf kemur í búðir 9. september, sem er einmitt 75 ára afmælisdagur móður hennar. Þá verða haldnir útgáfutónleikar í Austurbæ. Ragnhildur kostaði sjálf gerð



SUNGU Í AFMÆLINU
Ragnhildur Zoëga framleiddi plötu Sigríðar Thorlacius og Heiðurspíla og gaf foreldrum sínum í afmælisgjöf.

plötunnar á vegum fyrirtækis síns Skrifjóða, en útgáfufyrirtækið Borgin annast dreifingu. Allur ágóði rennur til góðgerðarmála. „Þetta er mitt fyrsta verkefni. Það er mjög skemmtilegt að vinna með svona frábærum listamönnum,“ segir hún. freyr@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Kvikmyndagerðarfélagið frá Tollywood, sem svo er nefnt eftir hinni indversku mállýsku Telegud og Fréttablaðið hefur greint frá, kom til borgarinnar í gær eftir langa veru á landsbyggðinni. Sér vel hér á landi en eyddi sunnudeginum í að taka upp efni við Bláa Lónið og í hrauninu þar í kring. Elísabet Agnarsdóttir hjá Jökulum ehf. og Grétar Örvarsson hljóta að hlæja í laumi því ekkert hinna stóru framleiðslufyrirtækja á Íslandi vildi taka Indverjana að sér en nú streyma þeir til landsins. Raunasaga Ragnheiðar Elínar Clausen á Facebook hefur vakið þó nokkra athygli enda eru ófáir Íslendingar inni á þessum samskiptavef og hafa haft gagn og gaman af. En ekki Ragnheiður því henni hefur verið hent út tvívegis, án þess að hafa hugmynd um af hverju. Meðal þeirra sem tjá sig um málið er kóngurinn sjálfur, **Bubbi Morthens**, en hann spyr á Facebook-síðu sinni: „Hvernig fara menn að því að finna út að Ragnheiður Clausen geti verið varasöm, ég spyr eða væri kannski einhver á Fésinu til í að útskýra þetta?“ Og **Egill Helgason** lýsir því yfir á bloggi sínu að hann sé tiltölulega ánægður með Menningarnótt. Allavega fram til klukkan tíu um kvöldið en þá gerist eitthvað með hina íslensku þjóð sem sé henni til vana. Þannig hafi Egill vaknað á sunnudagsmorguninn og séð úti í garðinum hvað sér að þar var jakki, tómur sígarettupakki og kókdós auk þess sem einhverjum virtist hafa orðið humbult á meðan hann gekk um garð Egils í miðbæ Reykjavíkur. - fgg

FISKBÚÐIN HAFBERG Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.

GLÆNÝ LÍNUÝSA FISKRÉTTIR PLOKKFISKUR VILLTUR LAX LÚÐUSNEIÐAR

opið mán-fös 10-18:15 og lau 11-14:00

Íslendingur farðar fyrir úlfamynd

Íslenska föröunarameistararnum, Stefáni Jörgen, brá heldur betur í brún þegar hringt var í hann fyrir nokkru og hann beðinn um að koma til starfa við Hollywood-kvikmyndina The Wolf Man. Sá sem bað sérstaklega um Stefán heitir Rick Baker og er einn sá allra besta í þessum bransa, hefur hlotið ótal verðlaun í kvikmyndabransanum, meðal annars sex Óskarsverðlaun. Baker er því hálfgerð hetja í föröunarbransanum hvað kvikmyndir varðar. Stefán viðurkennir að hann hafi fyrst haldið að samtalið væri eitthvert djök en kona frá Pinewood-myndverinu í Beckingham-skíri var hinu megin á línunni. „Ég var bara spurður hvort ég væri laus í vinnu, Baker hefði beðið sitt fólk um að athuga hvort ég væri til,“ segir Stefán sem var nývaknaður þegar kallið barst og var því ekki viss um hvort hann væri að dreyma eður ei. Svo reyndist ekki vera og föröunarameistarinn hélt utan til Englands. Hann upplýsir þó fljótlega að hann hafi ekki hitt neina af þeim stórstjörnum sem leika í The Wolf Man en meðal þeirra eru Óskarsverðlaunahafarnir Benicio Del Toro og Anthony Hopkins auk barnabarns Charlie Chaplin, Geraldine Chaplin. „Nei, nei, það gerði heldur ekkert til, þetta var bara fyrst og fremst skemmtilegt en um leið ákaflega stressandi. Það er svolítið stress við svona stórar myndir,“ segir Stefán en hann hefur þó áður fengið að bragða á Hollywood-stórmyndum því Stefán var hluti af föröunarliði Flags of our Fathers og Letters from Iwo Jima sem Clint Eastwood tók upp hér á landi. Stefán hefur engu að síður ekki hugmynd um hvort hann muni endurtaka þetta í bráð. „Kannski, kannski ekki. Það kemur bara í ljós.“ - fgg



ENGAR STÓRSTJÖRNUR Í STÓLNUM Stefáni Jörgen hitti hvorki Benicio Del Toro né Anthony Hopkins, sem leika í The Wolf Man, en var hluti af föröunarliði myndarinnar í Englandi.

Söngleikurinn sem Íslendingar elska!
Miðasala í fullum gangi á sýningar haustsins



Söngva Sýningar



Ástsælasti söngleikur allra tíma snýr aftur á fjalirnar og heldur áfram að kæta leikhúsgesti í september og október.

Tryggðu þér miða í tíma.
Miðasalan opnar á mánudag.

Áskriftarkort Borgarleikhússins:
4 sýningar á aðeins 8.900 kr.

Sama verð
og í fyrra!



Páll Baldvin Baldvinsson, Fréttablaðið

„Eintóm yndislegheit“

Jón Viðar Jónsson, DV

„Borgarleikhúsið er með stórsýningu í höndunum, vel heppnaða, skemmtilega og afar vel unna“

Ingibjörg Þórisdóttir, Morgunblaðið

„Þakið ætlaði að rifna af Borgarleikhúsinu“

Björn Ingi Hrafnsson, pressan.is

Tryggðu þér
miða strax

Fös 4/9 kl. 19 **UPPSELT**
Lau 5/9 kl. 19 **UPPSELT**

Sun 6/9 kl. 19 Örfá sæti
Mið 9/9 kl. 20 **UPPSELT**

Fim 10/9 kl. 19 Örfá sæti
Fös 11/9 kl. 19 Örfá sæti

Fös 18/9 kl. 19 **UPPSELT**
Lau 19/9 kl. 19 Örfá sæti

Sun 20/9 kl. 14 **UPPSELT**
Lau 26/9 kl. 14 **UPPSELT**

Sett upp í samstarfi við

VISA

Miðasala er í síma 568 8000
og á borgarleikhus.is



Borgarleikhúsið



BAKPANKAR
Þórhildar Elínar
Elínardóttur


Lykillinn að farsælli framtíð

Þótt nóg séu tilefni til klökkva, þá er fyrsti skóladagur lít-ils barns einkar upplagður fyrir væmnu gleðitárin. Bæði auðvitað vegna þess að litli unginn hennar mömmu sinnar er að stíga fyrstu skrefin á eigin spýtur en líka vegna þess að þá sér fyrir endann á bleika tímabilinu. Þessum álögum sem leggjast á meirihluta leikskólaskólaknana með dyggri aðstoð þeirra eigin foreldra uns tæpast fersentimetri af innihaldi fataskápsins er í öðrum lit. Skóla-stúlkan tilvonandi vill nú skyndilega aðgreina sig frá hinni bleiku frumbersku, fjölbreytnin er í auglýsingu.

FJÖLDAFRAMLEIÐSLA á fagurbleikum prinsessum er auðvitað hjalli sem við munum vonandi einhvern tíma komast yfir, sú tilhneiging að hnóða dætur okkar í mót sem einkum eiga að sýna hvað þær eru sætar, þægjar og góðar. Þó er í menningunni vissulega svigrúm fyrir hinar svokölluðu strákastelpur en alls ekki fyrir stelpustráka. Smádrengur í bleikum knipplingakjól yrði grýttur af hópnum og samstundis sendur til sálfræðings. Strákar eiga nefnilega helst að vilja bara vera ofurhetjur, það væri óeðlilegt fyrir töffara að vilja frekar vera óvirk undirmálsdúlla.

DÁLÍTIÐ ergelsi yfir svona smotterií minnir á hversu vel við erum þrátt fyrir allt stödd á vegi jafnréttis. Reyndar hefur mér oft dottið í hug að smæð þjóðarinnar, góð menntun og landfræðileg einangrun gæti hjálpað okkur til að verða fyrirmyndarríki á ýmsum sviðum, þar á meðal í jafnréttismálum. Gætum orðið svona „best í heimi“ og átt í alvörðunni innistæðu fyrir þeirri fullyrðingu. Til þess þurfum við að æfa okkur betur í eigin hugsunarhætti og uppfæra verðmætamat á kvenlegum gildum. Því eins og hjálparstofnanir víða um heim hafa uppgötvað, þá eru konur hin vannýttu auðlind og lykillinn að lausnum stóru vandamála veraldarinnar. Nú þegar við höfum tækifæri til að velja þjóðfélag framtíðarinnar er mikilvægt að muna að það sem við fáum verður ekki sjálfkrafa betra en það sem hrundi.

EN ÞAÐ er ekki tilefni til annars en bjartsýni. Ekki þegar fylgst er með kotroskinni stelpu með ljósar krullur raða vandlega í nýja pennaveskið og telja dagana fram til skólasetningar. Full sjálfstrausts og tilhlökkunar, með – þrátt fyrir allt – fagurbleika skólatösku.




GÓÐAN DAG!
Í dag er mánudagurinn 24.
ágúst 2009, 236. dagur ársins.

Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík 5.47	13.30	21.11
Akureyri 5.23	13.14	21.04

Heimild: Almanak Háskólans

» Sumar 2009

Sjóðheit Evrópa!




Haust & vetur
2009 - 2010

- Berlín
- London
- Kaupmannahöfn
- Friedrichshafen
- Alicante
- Varsjá



Dior Kiss gloss fást í vélum Iceland Express.
Nánar á www.aallravorum.is

Framlengdu sumarið

Enn er frábært veður í Evrópu og um að gera að skella sér út með Iceland Express. Það er engin ástæða til að setja á sig lambhúshettuna alveg strax, bókaðu sól og blíðu í Evrópu á www.icelandexpress.is!

Iceland Express 
með ánægju